



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

KYNBUNDINN LAUNAMUNUR Á
ÍSLENSKUM VINNUMARKAÐI

Einar Mar Þórðarson
Heiður Hrund Jónsdóttir
Fanney Þórsdóttir
Ásdís A. Arnalds
Dr. Friðrik H. Jónsson

September 2008

SAMANTEKT HELSTU NIÐURSTAÐNA

- Konur í fullu starfi eru með 77% af grunnlaunum karla í fullu starfi og 74% af heildarlaunum þeirra.
- Að jafnaði eru karlar með lengri vinnutíma en konur. Að teknu tilliti til vinnutíma eru konur með 84% af launum karla.
- Á landsbyggðinni hafa konur sem starfa í opinbera geiranum 69% af heildartímalaunum karla sem starfa í opinbera geiranum.
- Heildartímalaun karla á höfuðborgarsvæðinu eru 16% hærri en karla á landsbyggðinni og heildartímalaun kvenna á höfuðborgarsvæðinu eru 29% hærri en kvenna á landsbyggðinni.
- Almennt segjast karlar bera meiri ábyrgð í starfi en konur á meðan ábyrgð á heimilisstörfum og umönnun barna er frekar á herðum kvenna en karla.
- Leiðréttur kynbundinn launamunur á heildarlaunum er 19,5%. Með öðrum orðum, að teknu tilliti til vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess hvort fólk er sjálfstætt starfandi eða launþegar eru karlar að jafnaði með 19,5% hærri heildarlaun en konur. Ef spurt er hversu miklu lægri laun konur eru með miðað við karla er svarið 16,3%.
- Leiðréttur kynbundinn launamunur á grunnlaunum er 19,6%, þ.e. karlar eru að jafnaði með 19,6% hærri grunnlaun en konur að teknu tilliti til þeirra þátta sem nefndir eru hér að framan. Ef spurt er hversu miklu lægri laun konur eru með miðað við karla er svarið 16,4%.
- Í opinbera geiranum er leiðréttur kynbundinn launamunur á meðal framhaldsskólamenntaðra 28,4% (karlar með 28,4% hærri heildarlaun en konur, konur með 22,1% lægri heildarlaun en karlar).
- Í einkageiranum er leiðréttur kynbundinn launamunur á heildarlaunum 22,4% (karlar með 22,4% hærri heildarlaun en konur, konur með 18,3% lægri heildarlaun en karlar).
- Á höfuðborgarsvæðinu er leiðréttur kynbundinn launamunur á heildarlaunum 10,3% (karlar með 10,3% hærri heildarlaun en konur, konur með 9,3% lægri heildarlaun en karlar).

- Á landsbyggðinni er leiðréttur kynbundinn launamunur á heildarlaunum 38,0% (karlar með 38,0% hærri heildarlaun en konur, konur með 27,5% lægri heildarlaun en karlar).
- Taflan hér fyrir neðan sýnir leiðréttan kynbundinn launamun ákveðinna hópa. Taflan sýnir annars vegar hve mikið **hærri** laun karlar eru með samanborið við konur að teknu tilliti til vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess hvort fólk er sjálfstætt starfandi eða launþegar. Hins vegar sýnir taflan hve mikið **lægri** laun kvennar eru í samanburði við karla að teknu tilliti til þáttanna sem nefndir hafa verið.

Kynbundinn launamunur að teknu tilliti til vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess hvort fólk er sjálfstætt starfandi eða launþegar¹

| | Hlutfallsmunur launa | |
|--|-----------------------------|----------------------------|
| | Karlar samanborið við konur | Konur samanborið við karla |
| Allir | | |
| Heildarlaun | 19,5% | -16,3% |
| Grunnlaun | 19,6% | -16,4% |
| Óskalaun | 12,8% | -11,3% |
| Opinberi geirinn | | |
| Heildarlaun framhaldsskólamenntaðra | 28,4% | -22,1% |
| Grunnlaun | Ekki munur | Ekki munur |
| Einkageirinn | | |
| Heildarlaun | 22,4% | -18,3% |
| Grunnlaun | 23,2% | -18,9% |
| Höfuðborgarsvæðið | | |
| Heildarlaun | 10,3% | -9,3% |
| Grunnlaun | 14,7% | -12,8% |
| Landsbyggðin | | |
| Heildarlaun | 38,0% | -27,5% |
| Grunnlaun | 29,5% | -22,8% |

¹ Þegar kynbundinn launamunur var kannaður í opinbera geiranum var hvorki leiðrétt fyrir atvinnugeira né því hvort fólk var sjálfstætt starfandi eða launþegar. Þegar launamunur var kannaður í einkageiranum var ekki leiðrétt fyrir atvinnugeira.

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|-----------|
| Aðferð og Markmið | 8 |
| Framkvæmd: | 8 |
| Markmið:..... | 8 |
| Heimtur: | 8 |
| Úrvinnsla launaupplýsinga:..... | 9 |
| Flokkun starfsstétta:..... | 9 |
| Leiðréttur kynbundinn launamunur: | 10 |
| Niðurstöður | 13 |
| Hvernig á að lesa úr niðurstöðum? | 13 |
| 1. <i>Bakgrunnsupplýsingar um svarendur</i> | 14 |
| 2. <i>Laun karla og kvenna</i> | 19 |
| Grunnlaun fólks í fullu starfi..... | 20 |
| Heildarlaun fólks í fullu starfi | 24 |
| Heildartímalaun | 29 |
| Opinberi geirinn og einkageirinn | 35 |
| Höfuðborgarsvæðið og landsbyggðin..... | 40 |
| 3. <i>Kynbundinn launamunur – Heildar- og grunnlaun</i> | 48 |
| Leiðréttur kynbundinn launamunur - heildargreiðslur | 48 |
| Leiðréttur kynbundinn launamunur - grunnlaun | 52 |
| 4. <i>Kynbundinn launamunur – Væntingar til launa</i> | 54 |
| Leiðréttur kynbundinn launamunur – væntingar til launa | 58 |
| 5. <i>Kynbundinn launamunur - atvinnugeiri og búseta</i> | 60 |
| Leiðréttur kynbundinn launamunur í opinbera geiranum | 60 |
| Leiðréttur kynbundinn launamunur í einkageiranum | 63 |
| Leiðréttur kynbundinn launamunur á höfuðborgarsvæðinu | 66 |
| Leiðréttur kynbundinn launamunur á landsbyggðinni..... | 69 |
| <i>Heimildir</i> | 72 |
| Viðauki 1. Kynbundinn launamunur – hjúskaparstaða og börn | 73 |
| Leiðréttur kynbundinn launamunur – hjúskaparstaða og börn | 75 |
| Viðauki 2. Launadreifing | 78 |
| Viðauki 3. Kynningarbréf | 88 |
| Viðauki 4. Spurningalisti | 90 |

TÖFLUYFIRLIT

| | | |
|-----------|--|----|
| Tafla 1. | Staða fólks á vinnumarkaði..... | 9 |
| Tafla 2. | Bakgrunnur svarenda í könnun og á vinnumarkaði. Kyn, starfsstétt, aldur og búseta. | 15 |
| Tafla 3. | Bakgrunnur svarenda. Atvinnugeiri, menntun, launþegar/sjálfstétt starfandi og starfshlutfall. | 16 |
| Tafla 4. | Ábyrgð í starfi – hlutfall sem svara játandi..... | 18 |
| Tafla 5. | Munur á grunnlaunum karla og kvenna eftir bakgrunni..... | 23 |
| Tafla 6. | Hlutfallsleg samsetning meðalheildarlauna karla og kvenna..... | 25 |
| Tafla 7. | Munur á heildarlaunum karla og kvenna eftir bakgrunni..... | 28 |
| Tafla 8. | Munur á heildartímalaunum karla og kvenna eftir bakgrunni..... | 33 |
| Tafla 9. | Heildarlaun í opinbera geiranum og bakgrunnur..... | 36 |
| Tafla 10. | Heildartímalauun í opinbera geiranum og bakgrunnur..... | 37 |
| Tafla 11. | Heildarlaun í einkageiranum og bakgrunnur..... | 38 |
| Tafla 12. | Heildartímalauun í einkageiranum og bakgrunnur..... | 39 |
| Tafla 13. | Heildarlaun á höfuðborgarsvæðinu og bakgrunnur..... | 42 |
| Tafla 14. | Heildarlaun á landsbyggðinni og bakgrunnur..... | 43 |
| Tafla 15. | Heildartímalauun á höfuðborgarsvæðinu og bakgrunnur..... | 46 |
| Tafla 16. | Heildartímalauun á landsbyggðinni og bakgrunnur..... | 47 |
| Tafla 17. | Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess að vera launþegi eða sjálfstétt starfandi um heildarlaun (log) fólks í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=647, 324 karlar og 323 konur)..... | 51 |
| Tafla 18. | Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess að vera launþegi eða sjálfstétt starfandi um grunnlaun (log) fólks í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=569, 280 karlar og 289 konur)..... | 53 |
| Tafla 19. | Óskalaun eftir bakgrunni..... | 56 |
| Tafla 20. | Munur á óskalaunum og raunverulegum grunnlaunum eftir bakgrunni..... | 57 |
| Tafla 21. | Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess að vera launþegi eða | |

| | | |
|-----------|---|----|
| | sjálfstætt starfandi um óskalaun (log) fólks í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=633, 319 karlar og 314 konur) | 59 |
| Tafla 22. | Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs og ábyrgðar í starfi um heildarlaun (log) fólks í opinbera geiranum sem er í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=236, 73 karlar og 163 konur)..... | 61 |
| Tafla 23. | Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar og ábyrgðar í starfi um grunnlaun (log) fólks í opinbera geiranum sem er í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=211, 65 karlar og 146 konur).... | 62 |
| Tafla 24. | Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, ábyrgðar í starfi og þess að vera launþegi eða sjálfstætt starfandi um heildarlaun (log) fólks í einkageiranum sem er í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=412, 251 karlar og 161 kona)..... | 64 |
| Tafla 25. | Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, ábyrgðar í starfi og þess að vera launþegi eða sjálfstætt starfandi um grunnlaun (log) fólks í einkageiranum sem er í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=359, 215 karlar og 144 konur) | 65 |
| Tafla 26. | Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess að vera launþegi eða sjálfstætt starfandi um heildarlaun (log) fólks á höfuðborgarsvæðinu sem er í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=403, 195 karlar og 208 kona)..... | 67 |
| Tafla 27. | Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess að vera launþegi eða sjálfstætt starfandi um grunnlaun (log) fólks á höfuðborgarsvæðinu sem er í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=358, 170 karlar og 188 konur) | 68 |
| Tafla 28. | Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess að vera launþegi eða sjálfstætt starfandi um heildarlaun (log) fólks á landsbyggðinni sem er í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=244, 129 karlar og 115 konur).. | 70 |
| Tafla 29. | Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess að vera launþegi eða | |

| | | |
|-----------|--|----|
| | sjálfstætt starfandi um grunnlaun (log) fólks á landsbyggðinni sem er í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=211, 110 karlar og 101 kona).... | 71 |
| Tafla 30. | Hjúskaparstaða, hlutföll karla og kvenna | 73 |
| Tafla 31. | Hlutföll karla og kvenna eftir því hvort á heimilinu búi einhver undir 18 ára aldri..... | 73 |
| Tafla 32. | Berð þú meiri, minni eða jafn mikla ábyrgð á heimilsstörfum og maki þinn? | 73 |
| Tafla 33. | Hver á heimilinu var oftast ábyrgur fyrir umönnun og eftirliti með börnum/barni á sl. 6 mánuðum? | 74 |
| Tafla 34. | Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess að vera launþegi eða sjálfstætt starfandi um heildarlaun (log) fólks í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=575, 295 karlar og 280 konur) | 75 |
| Tafla 35. | Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess að vera launþegi eða sjálfstætt starfandi um grunnlaun (log) fólks í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=575, 508, 254 karlar og 254 konur) | 76 |
| Tafla 36. | Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess að vera launþegi eða sjálfstætt starfandi um óskalaun (log) fólks í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=559, 290 karlar og 269 konur) | 77 |

MYNDAYFIRLIT

| | | |
|----------|--|----|
| Mynd 1. | Heildarvinnutími karla og kvenna í fullu starfi eftir starfsstétt..... | 17 |
| Mynd 2. | Ábyrgð karla og kvenna í starfi eftir starfsstétt..... | 18 |
| Mynd 3. | Meðalgrunnlaun og meðalheildarlaun karla og kvenna í fullu starfi..... | 19 |
| Mynd 4. | Meðalgrunnlaun karla og kvenna eftir starfi..... | 20 |
| Mynd 5. | Meðalgrunnlaun karla og kvenna eftir atvinnugeira..... | 21 |
| Mynd 6. | Meðalgrunnlaun karla og kvenna eftir menntun | 21 |
| Mynd 7. | Samsetning meðalheildarlauna allra karla og kvenna óháð starfshlutfalli | 24 |
| Mynd 8. | Heildarlaun karla og kvenna eftir stafi | 25 |
| Mynd 9. | Heildarlaun karla og kvenna eftir geira | 26 |
| Mynd 10. | Heildarlaun karla og kvenna eftir menntun..... | 27 |
| Mynd 11. | Heildartímalaun karla og kvenna..... | 29 |
| Mynd 12. | Heildartímalaun karla og kvenna eftir starfi | 30 |
| Mynd 13. | Heildartímalaun karla og kvenna eftir atvinnugeira | 31 |
| Mynd 14. | Heildartímalaun karla og kvenna eftir menntun..... | 32 |
| Mynd 15. | Menntun eftir búsetu..... | 41 |
| Mynd 16. | Samanburður á óskalaunum og raunverulegum dagvinnulaunum karla og kvenna í fullu starfi..... | 54 |

AÐFERÐ OG MARKMIÐ

Framkvæmd:

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði könnun fyrir Félagsmálaráðuneytið á meðal landsmanna um launajafnrétti á vinnumarkaði. Tekið var 2000 manna úrtak úr þjóðskrá meðal fólks á aldrinum 18 til 67 ára. Bréf var sent til þeirra sem lentu í úrtakinu í byrjun mars þar sem könnunin var kynnt. Gögnum var safnað í gegnum síma á tímabilinu 14. mars til 10. maí 2008 (sjá kynningarbréfið í viðauka 2).

Þátttakendur voru beðnir um að gefa upplýsingar um laun greidd mánaðarmótin febrúar/mars (febrúarlaun). Jafnframt voru svarendur beðnir að gefa upplýsingar um sjálfa sig og tilhögun starfs síns.

Markmið:

Meginmarkmið könnunarinnar er að kanna laun og launasamsetningu karla og kvenna á íslenskum vinnumarkaði til að komast að því hvort kynbundinn launamunur sé til staðar, hve mikill hann sé og hvort og hvernig megi skýra muninn.

Heimtur:

Könnunin náði til 2.000 manna úrtaks úr þjóðskrá. Þar af teljast 135 til brottfalls af ýmsum ástæðum; of veikir til að svara, búsettir erlendis eða töluðu ekki íslensku. Nettó úrtak er því 1865. Ekki náðist í 472 þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, 213 neituðu að svara en 1180 tóku þátt í könnuninni. Nettósvörun er því 63% sem telst viðunandi svarhlutfall í könnun sem þessari í ljósi þess að úrtakið endurspeglar vinnumarkaðinn í heild að miklu leyti þegar kemur að kyni, starfsstétt, aldri og búsetu (sjá nánar kafla um bakgrunnsupplýsingar á bls. 14).

Fyrsta spurningin sem borin var undir þátttakendur var hvort þeir væru í launaðri vinnu þessa dagana. Þeir sem svöruðu því neitandi (21,7%) voru spurðir hvað þeir væru að gera og niðurstöður má sjá í töflu 1. Þar sem markmið rannsóknarinnar var að kanna laun kynjanna og stöðu á vinnumarkaði var þessi hópur ekki spurður frekari spurninga í þessari könnun. Þeim sem voru í fæðingarorlofi var þó gefinn kostur á að halda áfram en í heildina svöruðu 936 manns allri könnuninni og byggjast niðurstöður hér á svörum þeirra.

Tafla 1. Staða fólks á vinnumarkaði

| | Karl | Kona | Allir |
|--|-------------|-------------|--------------|
| Í starfi | 81,0% | 75,7% | 78,3% |
| Atvinnulaus | 1,2% | 2,2% | 1,7% |
| Frá vinnu eða hætt(ur) að vinna vegna veikinda | 1,5% | 1,7% | 1,6% |
| Í fríi | 1,9% | 1,2% | 1,5% |
| Í fæðingarorlofi | 0,7% | 2,0% | 1,4% |
| Hætt(ur) að vinna vegna aldurs | 0,7% | 0,7% | 0,7% |
| Námsmaður | 8,6% | 7,2% | 7,9% |
| Heimavinnandi | 0,9% | 4,9% | 2,9% |
| Öryrki | 3,6% | 4,5% | 4,1% |
| Samtals | 100% | 100% | 100% |
| Fjöldi | 583 | 597 | 1180 |

Úrvinnsla launaupplýsinga:

Svarendur voru beðnir að gefa upp heildarlaun fyrir aðalstarf sitt fyrir skatt í febrúar 2008. Heildarlaun voru svo sundurliðuð í föst mánaðarlaun/grunnlaun, föst yfirvinnulaun, önnur yfirvinnulaun (breytileg milli mánaða), akstursgreiðslur, vaktaálag og aðrar greiðslur². Við úrvinnslu var aðallega notast við upplýsingar um grunnlaun og heildarlaun (grunnlaun + aðrar greiðslur). Greiðslur aðrar en grunnlaun eru af misjöfnu tagi eftir starfsfólki. Flestir hafa einhver yfirvinnulaun, föst og/eða breytileg en einnig eru margir á föstum launum.

Flokkun starfsstétta:

Störf voru flokkuð eftir starfaflokkunarkerfi Hagstofunnar (ÍSTARF-95) eins og hefðbundið er í rannsóknum Félagsvísindastofnunar á kynbundnum launamun. Flokkunarkerfi Hagstofunnar byggist á starfaflokkun Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO). Grunnforsendur eru þær að störf eru flokkuð bæði með tilliti til eðlis starfsins sjálfs og krafna um kunnáttu. Störf með lík viðfangsefni og skyldur eru flokkuð saman í starfsstétt. Enn fremur er tekið tillit til þess hve sérhæft starfið er (sjá nánar í Íslensk starfaflokkun, ÍSTARF-95, 1994). Í launatöflum var notuð grófasta flokkun ÍSTARF-95. Eftirfarandi starfaflokkar voru notaðir: 1) Stjórnendur; 2) sérfræðingar; 3) tæknar og sérmenntað starfsfólk; 4) skrifstofufólk; 5) þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk, 6) bændur og sjómenn, 7) iðnaðarmenn og sérhæft starfsfólk við iðnað, 8) véla- og vélgæslufólk; og 9) ósérhæft starfsfólk. Aðeins 5 konur flokkuðust sem bændur og sjómenn og 2 konur flokkuðust sem véla- og vélgæslufólk. Sökum þess hve fáar konur eru í þessum stéttum eru meðaltöl oft ekki birt.

² Með öðrum greiðslum er átt við bónusgreiðslur eða hlunnindi.

Sem dæmi um flokkun starfa teljast kjörnir fulltrúar hagsmunasamtaka, forstjórar, atvinnurekendur og framkvæmdastjórar til stjórnenda. Sérfræðingar á ýmsum sviðum, lækningar, kennarar, fréttamenn, rithöfundar og listamenn teljast til sérfræðinga. Tæknar á ýmsum sviðum, fulltrúar, miðlarar, íþróttamenn og fatahönnuðir flokkast sem tæknar og sérmenntað starfsfólk á meðan almennt skrifstofufólk, bréfberar og gjaldkerar teljast til skrifstofufólks. Starfsfólk við þjónustu, umönnun og gæslu, lögreglumenn, kokkar, þjónar, afgreiðslu- og sölufólk teljast til þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks; byggingariðnaðarmenn, málmiðnaramenn, vélsmiðir, bifvélaþvirkjar, aðrir iðnaðarmenn og sérhæft starfsfólk í iðnaði fara í flokk iðnaðarmanna. Vélgæslufólk í iðjuverum, verksmiðum og matvælaframleiðslu, bifreiðastjórar og stjórnendur vinnuvéla teljast til véla- og vélgæslufólks og verkafólk við sölu- og þjónustustörf, í iðnaði, fiskvinnslu og landbúnaði telst til ósérhæfðs starfsfólks.

Leiðréttur kynbundinn launamunur:

Aðhvarfsgreining. Til að reikna svokallaðan leiðréttan kynbundinn launamun var notuð línuleg aðhvarfsgreining (*linear regression analysis*) þar sem leiðrétt var fyrir áhrif sjö þátta³ á laun.

Með aðhvarfsgreiningu er hægt að svara spurningum um samspil ákveðinna þátta á laun, til dæmis hver eru tengsl kyns við laun fólks þegar búið er að taka tillit til þátta eins og starfs og vinnutíma. Tilgangurinn er að spá fyrir um hver kynbundinn launamunur væri ef karlar og konur væru í sambærilegum störfum, með samsvarandi menntun, vinnutíma og ábyrgð í starfi, á sambærilegum aldri og í samsvarandi atvinnugeira. Auk þess voru víxláhrif (*interaction*) kyns við menntun athuguð, það er kannað var hvort menntun hefðu sömu áhrif á laun karla og kvenna. Í greiningu á samspili áhrifaþátta á laun voru eingöngu notaðar upplýsingar um fólk í 50% eða herra starfshlutfalli.

Tilgangur línulegrar aðhvarfsgreiningar er að athuga hvort tiltekna skýribreytur (X) hafi möguleg áhrif á fylgibreytu (Y) og hvaða áhrif þær kunni að hafa. Í þessari rannsókn voru tvennskonar launabreytur (heildarlaun og grunnlaun) notaðar sem fylgibreytur í línulegri aðhvarfsgreiningu auk þess sem óskalaun eru notuð í einu tilfalli.

³ Leiðrétt var fyrir áhrif vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og hvort svarendur voru launþegar eða sjálfstætt starfandi.

Starfsstétt. Til að meta tengsl starfsstéttar við laun var störfum raðað með tilliti til meðalgrunnlauna þeirra sem voru í 50% eða hærra starfshlutfalli og búnar til svokallaðar vísibreytur (*dummy variables*) fyrir starfsstétt. Marktektarútreikningar fyrir störf í aðhvarfsgreiningu sýna því hvort launamunur er til staðar á viðkomandi starfi og því starfi sem næst kemur á eftir í töflunni. Meðal fólks í 50% eða hærra starfshlutfalli voru einungis fjórar konur sem flokkuðust sem bændur og sjómenn og var því þeirri starfsstétt sleppt í greiningunni á leiðréttum kynbundnum launamun. Sömuleiðis voru aðeins tvær konur sem flokkuðust sem véla- og vélgæslufólk en í stað þess að sleppa þeirri starfsstétt úr greiningunni var hún sameinuð við flokkinn fyrir ósérhæft starfsfólk en það var sá flokkur sem var að jafnaði með hvað líkust grunnlaun og þeir sem flokkuðust sem véla- og vélgæslufólk. Eftirfarandi er sú starfaskipting sem notuð var í aðhvarfsgreiningu: 1) stjórnendur; 2) sérfræðingar; 3) iðnaðarmenn og sérhæft starfsfólk við iðnað; 4) tæknar og sérmenntað starfsfólk; 5) skrifstofufólk, 6) ósérhæft starfsfólk og véla- og vélgæslufólk; 7) þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk.

Aldur. Í aðhvarfsgreiningu var raunaldur svarenda í árum notaður en í launatöflum var hann flokkaður í fimm hópa. Í aðhvarfsgreiningu var jafnframt leiðrétt fyrir aldur í öðru veldi, til þess að jafna áhrif sveiglínudreifingu aldurs.

Vinnutími. Áhrif vinnutíma á laun voru greind út frá fjölda vinnustunda í febrúar 2008.

Menntun. Menntun var flokkuð í þrennt: 1) grunnskólamenntun; 2) framhaldsskólamenntun (iðnmenntun, stúdentspróf, verslunarpróf); 3) háskólamenntun. Búnar voru til tvær vísibreytur til að nota í aðhvarfsgreiningu, annars vegar breyta fyrir háskólamenntun þar sem þeir sem lokið höfðu háskólaprófi voru bornir saman við þá sem lokið höfðu prófi á framhaldsskólastigi og hins vegar breyta fyrir framhaldsskólamenntun þar sem þeir sem voru með framhaldsskólamenntun voru bornir saman við þá sem lokið höfðu prófi á grunnskólastigi. Í launatöflum er notast við fjóra menntunarhópa þar sem framhaldsskólamenntun er skipt í verklega framhaldsskólamenntun og bóklega framhaldsskólamenntun.

Atvinnugeiri. Til að greina áhrif atvinnugeira var búin til vísibreyta þar sem þeir sem störfuðu í einkageiranum voru bornir saman við þá sem störfuðu í opinbera geiranum.

Ábyrgð í starfi. Til að meta ábyrgð í starfi voru svarendur spurðir hvort þeir hefðu starfsmenn sem störfuðu undir þeirra stjórn, hvort þeir bæru fjárhagslega ábyrgð í starfi sínu, hvort þeir bæru ábyrgð á stjórn og framgangi verkefna í starfi sínu og hvort þeir bæru ábyrgð á öryggi og velferð einstaklinga í starfi sínu. Úr þessum fjórum atriðum var útbúinn breyta með gildi þar sem svarendur sem svöruðu öllum atriðunum fjórum neitandi fengu núll og þeir sem svöruðu öllum atriðunum játandi fengu fjóra.

Launþegi/sjálfstætt starfandi. Vísibreyta var notuð til að meta áhrif þess að vera sjálfstætt starfandi samanborið við að vera launþegi.

Í niðurstöðum eru upplýsingar um laun gefnar í krónutölum nema í aðhvarfsgreiningu þar sem launum var umbreytt á lógariþmískan kvarða. Lógariþmískur kvarði gefur upplýsingar um hlutfallslegan mun launa sem hentar þessari greiningu vel þar sem gera má ráð fyrir að þótt munur á launum karla og kvenna aukist í krónum talið eftir því sem laun þeirra eru hærri, þá sé hlutfallslegur launamunur svipaður. Önnur ástæða fyrir þessari umbreytingu á launaupplýsingum er sú að laun voru ekki normaldreifð, heldur jákvætt skekkt, en normaldreifing fylgibreytu er ein af forsendum aðhvarfsgreiningar (sjá má útlistun á þessu í Tabachnick og Fidell, 1996). Aðferðafræðilegar rannsóknir hafa leitt í ljós að aðhvarfsgreining hentar til greiningar á áhrifaþáttum á laun eins og hér er gert (sjá til dæmis umfjöllun Balzer o.fl., 1996).

NIÐURSTÖÐUR

Um fjöllun um niðurstöður skiptist í fimm kafla. *Fyrsti kafli* greinir frá hvernig svarendur skiptast eftir hinum ýmsu bakgrunnspáttum; starfsstétt, aldri, búsetu, atvinnugeira, menntun, starfshlutfalli og vinnutíma. Í *öðrum kafla* eru kynntar niðurstöður um dreifingu heildarlauna, grunnlauna og heildartímalagna til þátttakenda eftir bakgrunnspáttum. Þessar niðurstöður eru settar fram í myndum en einnig í töflum þar sem meðal annars má sjá hlutfallsmun á launum karla og kvenna innan hvers bakgrunnshóps. *Þriðji kafli* fjallar um kynbundinn launamun en þar eru niðurstöður aðhvarfsgreiningar settar fram í töflum og texta. Hér er kynbundinn launamunur reiknaður fyrir heildarlaun og grunnlaun. Í *fjórða kafla* eru niðurstöður fyrir aðhvarfsgreiningu þar sem kynbundinn launamunur er reiknaður fyrir þau grunnlaun sem fólki þykir sanngjarnt að greidd séu fyrir vinnu sína. Í *fimmta kafla* eru birtar niðurstöður fyrir leiðréttan kynbundinn launamun eftir atvinnugeira og búsetu fólks.

Í viðauka 1 eru birtar niðurstöður úr viðbótargreiningu þar sem hjúskaparstöðu og barneignum er bætt inn í hið hefðbundna aðhvarfsgreiningarlíkan sem sett var fram í þriðja og fjórða kafla. Í viðauka 2 er að finna texta og töflur fyrir launadreifingu fólks í fullu starfi sem og heildartímalagna fólks í 50% eða hærra starfshlutfalli, í fyrsta lagi fyrir alla svarenda, í öðru lagi greint eftir atvinnugeira og í þriðja lagi greint eftir búsetu.

Hvernig á að lesa úr niðurstöðum?

Launatöflur eftir kyni sýna meðallaun karla og kvenna og fjöldatölur á bak við meðaltalið, skipt eftir starfi, geira, atvinnugrein, ábyrgð í starfi, menntun og aldri. Einnig

sýna þessar töflur þann

hlutfallsmun sem er á

launum kynjanna. Þar

eru laun kvenna reiknuð

sem hlutfall af launum

karla.

| Heildarlaun | Allir | | Karlar | | Konur | | Munur Kvk./kk. |
|----------------------------------|----------|--------|----------|--------|----------|--------|-------------------|
| | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | |
| Starfsstétt | | | | | | | |
| Stjórnendur | 592.561 | 86 | 594.933 | 63 | 586.071 | 23 | 99% |
| Sérfræðingar* | 458.072 | 147 | 504.589 | 76 | 412.306 | 71 | 82% |
| Tæknar og sérm. starfsf.* | 422.574 | 66 | 562.842 | 29 | 304.222 | 37 | 54% |
| Skrifstofufólk | 375.236 | 77 | 500.907 | 18 | 338.273 | 59 | 68% |
| Þjónustu- sölu- og afgrei.fólk.* | 315.968 | 99 | 388.679 | 42 | 268.483 | 57 | 69% |
| Bændur og fiskimenn | 441.482 | 26 | 465.304 | 22 | - | 4 | - |
| Iðnaðarmenn | 396.341 | 103 | 403.788 | 90 | 346.916 | 13 | 86% |
| Véla- og vélgæslufólk* | 458.407 | 27 | 453.587 | 25 | - | 2 | - |
| Ósérhæft starfsfólk* | 349.296 | 61 | 396.023 | 45 | 234.034 | 16 | 59% |

Eins og sjá má í dæminu hér til hliðar eru t.a.m. heildarlaun kvenna í stjórnunarstöðu 99% af heildarlaunum karla í sömu stöðu. Stjórnumerking þýðir að marktækur munur er á launum kynja.

1. BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR UM SVARENDAR

Í töflu 2 má sjá samanburð á einkennum svarenda og þýðis, það er vinnumarkaðarins í heild. Þýðisupplýsingar fengust hjá Hagstofu Íslands. Í heildina var svarendahópurinn lýsandi fyrir þýðið. Þegar einungis var tekið tillit til þeirra sem eru í starfi voru karlar 50,5% (473) svarenda og konur 49,5% (463). Á íslenskum vinnumarkaði eru hlutfallslega fleiri karlar og eru því of margar konur í könnuninni miðað við vinnumarkaðinn. Það ætti þó ekki að koma að sök hér þar sem fyrst og fremst er verið að skoða mun á kynjunum.

Starfsstétt: Starfsstétt er hér flokkuð samkvæmt Ístarf-95 flokkunarkerfinu (tafla 2). Fjölmennasti hópurinn vann við þjónustu, sölu og afgreiðslu eða voru sérfræðingar. Dreifing starfsstétta var nokkuð ólík milli kynja en þannig er það sömuleiðis í þýðinu. Kynjamunur á starfsstéttum var tölfræðilega marktækur ($\chi^2(8)=185,7; p < ,001$).

Aldur: Yngsti svarandinn var 18 ára og sá elsti 67 ára. Meðalaldur allra svarenda var 41,6 ár (staðalfrávik=13,19, miðgildi=42 ár). Meðalaldur karla var 41,2 ár (staðalfrávik=12,94) og kvenna 42,0 ár (staðalfrávik=13,45). Ekki var marktækur munur á meðalaldri kynjanna (tafla 2).

Búseta: Svarhlutfallið var aðeins betra hjá fólki sem búsett var á landsbyggðinni samanborið við þá sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu en rúm 40% (380) svarenda bjuggu á landsbyggðinni samanborið við tæp 60% (556) sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Ekki var marktækur munur á búsetu karla og kvenna (tafla 2).

Tafla 2. Bakgrunnur svarenda í könnun og á vinnumarkaði⁴. Kyn, starfsstétt, aldur og búseta.

| | Kyn | Karlar í könnun (%) | Karlar á vinnu-markaði (%) | Konur í könnun (%) | Konur á vinnu-markaði (%) | Allir í könnun (%) | Allir á vinnu-markaði (%) |
|--------------------|---------------------------------|---------------------|----------------------------|--------------------|---------------------------|--------------------|---------------------------|
| Starfsstétt | Kyn | 50,5 | 54,5 | 49,5 | 45,5 | | |
| | Stjórnendur | 13,8 | 11,7 | 5,1 | 5,8 | 9,5 | 9,0 |
| | Sérfræðingar | 18,4 | 15,6 | 21,7 | 19,7 | 20,0 | 17,4 |
| | Tæknar og sérm. starfsf. | 7,0 | 11,5 | 13,2 | 20,8 | 10,1 | 15,7 |
| | Skrifstofufólk | 4,4 | 2,1 | 18,8 | 13,0 | 11,5 | 7,1 |
| | Þjónustu- sölu- og afgrei.fólk. | 12,5 | 14,5 | 28,1 | 28,4 | 20,2 | 20,8 |
| | Bændur og fiskimenn | 5,0 | 6,1 | 1,1 | 1,6 | 3,1 | 4,1 |
| | Iðnaðarmenn | 21,0 | 19,9 | 3,8 | 2,7 | 12,5 | 12,1 |
| | Véla- og vélgæslufólk | 5,9 | 9,8 | 0,4 | 0,7 | 3,2 | 5,7 |
| | Ósérhæft starfsfólk | 12,0 | 8,7 | 7,8 | 7,2 | 9,9 | 8,0 |
| Aldur | 18-29 ára | 22,6 | 27,3 | 22,2 | 28,5 | 22,4 | 27,8 |
| | 30 til 39 ára | 22,0 | 22,1 | 21,2 | 21,3 | 21,6 | 21,7 |
| | 40 til 49 ára | 28,1 | 22,9 | 23,8 | 23,3 | 26,0 | 23,1 |
| | 50 til 59 ára | 16,7 | 18,4 | 22,5 | 18,3 | 19,6 | 18,4 |
| | 60-67 ára | 10,6 | 9,4 | 10,4 | 8,6 | 10,5 | 9,0 |
| Búseta | Höfuðborgarsvæðinu | 57,1 | 62,3 | 61,8 | 64,5 | 59,4 | 63,4 |
| | Landsbyggð | 42,9 | 37,7 | 38,2 | 35,5 | 40,6 | 36,6 |
| | Allir - fjöldi | 473 | 96.600 | 463 | 80.700 | 936 | 177.300 |

Atvinnugeiri: Í töflu 3 má að sjá um þriðjungur svarenda vann hjá opinbera geiranum en hlutfallslega fleiri konur en karlar vinna í opinbera geiranum eða tæplega helmingur samanborið við rúman fimmtung karla. Munurinn á konum og körlum var marktækur ($\chi^2(1) = 72,75, p < ,001$).

Menntun: Tæplega þriðjungur (31%) svarenda hafði lokið grunnskólanámi eða minna, 44% hafði lokið námi á framhaldsskólastigi og fjórðungur hafði lokið háskólanámi (tafla 3). Marktækan munur var að finna á menntun kynjanna ($\chi^2(3) = 64,8, p < ,001$) þar sem hlutfallslega fleiri karlar en konur voru með iðnmenntun en fleiri konur en karlar voru með grunnskólanám eða minna eða háskólamenntun (tafla 3).

Launþegar/sjálfstætt starfandi: Tafla 3 sýnir að hlutfallslega fleiri karlar en konur voru sjálfstætt starfandi. Tæp 17% karla voru sjálfstætt starfandi samanborið við tæp 7% kvenna. Þessi munur er marktækur ($\chi^2(1) = 20,87; p < ,001$).

Starfshlutfall: Fleiri karlar en konur í fullri vinnu (sjá töflu 3). Rétt um 36% kvennar var í hlutastarfi, en aðeins 10% karlar. Þessi munur er marktækur ($\chi^2(1) = 88,60; p < ,001$). Meðalstarfshlutfall þeirra sem voru í hlutastarfi var 56,3% (miðgildi 54%, hæsta gildi 90%, lægsta gildi 10%).


⁴ Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni frá árinu 2007.

Tafla 3. Bakgrunnur svarenda. Atvinnugeiri, menntun, launþegar/sjálfstætt starfandi og starfshlutfall.

| | Karlar (%) | Konur (%) | Allir (%) |
|------------------------------|------------|-----------|-----------|
| Atvinnugeiri | | | |
| Opinberi geirinn | 20,7 | 47,5 | 33,9 |
| Einkageirinn | 79,3 | 52,5 | 66,1 |
| Menntun | | | |
| Grunnskólamenntun | 27,0 | 34,7 | 30,8 |
| Verklegt framhaldsskólanám | 38,8 | 15,6 | 27,4 |
| Bóklegt framhaldsskólanám | 12,7 | 21,8 | 17,2 |
| Háskólamenntun | 21,5 | 27,9 | 24,6 |
| Launþ./sjálfstætt st. | | | |
| Launþegi | 83,4 | 93,2 | 88,2 |
| Sjálfstætt starfandi | 16,6 | 6,8 | 11,8 |
| Starfshlutfall | | | |
| Fullu starfi (100%) | 90,0 | 64,0 | 77,2 |
| Hlutastarfi | 10,0 | 36,0 | 22,8 |
| Allir -fjöldi | 473 | 463 | 936 |

Vinnutími: Meðalfjöldi vinnustunda svarenda í febrúar 2008 var tæplega 171 klukkustund (staðalfrávik=61,5, miðgildi=164 klukkustundir) sem eru að jafnaði um 43 klukkustundir á viku. Meðalvinnutími karla var 191 klukkustund (staðalfrávik=63,9) og kvenna 149,8 klukkustundir (staðalfrávik=51,2). Marktækur munur kom fram á meðalfjölda vinnustunda á mánuði eftir kyni ($t(883) = -10,57$; $p < .001$).

Meðalfjöldi vinnustunda í febrúar 2008 á meðal þeirra sem voru í fullu starfi var 192 klukkustundir (staðalfrávik=48,1, miðgildi=176 klukkustundir) sem eru að jafnaði 48 klukkustundir á viku. Meðalfjöldi vinnustunda karla í fullu starfi var 203 klukkustundir (staðalfrávik=54,2) og kvenna 176,6 klukkustundir (staðalfrávik=31,9). Munurinn á meðalfjölda vinnustunda karla og kvenna í fullu starfi var tölfræðilega marktækur ($t(664,43) = -7,846$; $p < .001$). Á mynd 1 má sjá vinnutíma karla og kvenna eftir starfi.




Mynd 1. Heildarvinnutími karla og kvenna í fullu starfi eftir starfsstétt

Ábyrgð í starfi: Þegar launamunur kynjanna er skoðaður hafa stundum heyrst þær gagnrýnisraddir að ekki sé tekið tillit til ábyrgðar í starfi. Í þessari rannsókn er reynt að koma til móts við þessa gagnrýni og gerð tilraun til þess að mæla ábyrgð í starfi. Erfitt getur verið að mæla ábyrgð og kannski ekki síst að bera saman ólíkar skyldur í starfi starfsmanna t.d. annars vegar ábyrgð á fjármunum eða hins vegar velferð einstaklinga. Hér er farin sú leið að þátttakendur eru spurðir hvort þeir beri ábyrgð á fjórum þáttum; hvort þeir hafi starfsmenn undir sinni stjórn, beri fjárhagslega ábyrgð, beri ábyrgð á stjórn og framgangi verkefna og beri ábyrgð á öryggi og velferð einstaklinga. Þátttakendur svöruðu eingöngu játandi eða neitandi (sjá töflu 4). Úr þessum fjórum breytum er svo búinn einn kvarði til að mæla ábyrgð í starfi sem nær frá núll upp í fjóra. Þeir sem bera enga ábyrgð (svara öllum spurningum neitandi) fá gildið núll en þeir sem bera ábyrgð á öllum þessum þáttum (svara öllum spurningum játandi) fá gildið fjórir. Á þessum kvarða fá karlar að meðaltali 2,4 en konur 1,9 (sjá nánar töflu 4). Mynd 2 sýnir ábyrgð karla og kvenna eftir starfi. Vissulega er þessi mæling ekki hafin yfir gagnrýni en er tilraun til að ná utan um ábyrgð fólks í starfi.

Tafla 4. Ábyrgð í starfi – hlutfall sem svara játandi

| | Karlar | Konur | Allir |
|---|--------|-------|-------|
| Hefur þú starfsmenn sem vinna undir þinni stjórn?* | 47% | 28% | 38% |
| Berð þú fjárhagslega ábyrgð í þínu starfi?* | 51% | 37% | 44% |
| Berð þú ábyrgð á stjórn og framgangi verkefna í þínu starfi?* | 86% | 74% | 80% |
| Berð þú ábyrgð á öryggi og velferð einstaklinga í þínu starfi?* | 63% | 57% | 60% |
| Ábyrgð (meðaltal frá 0- 4)* | 2,4 | 1,9 | 2,2 |
| Staðalfrávik | 1,3 | 1,2 | 1,3 |
| Fjöldi | 468 | 458 | 926 |

*marktækur munur miðað við 95% öryggismörk




Mynd 2. Ábyrgð karla og kvenna í starfi eftir starfsstétt

2. LAUN KARLA OG KVENNA

Í þessum kafla eru meðallaun karla og kvenna borin saman eftir starfstétt, eftir því hvort fólk vinnur í opinbera geiranum eða einkageiranum, atvinnugrein, ábyrgð í starfi, menntun og aldri. Grunnlaun og heildarlaun karla og kvenna í fullu starfi eru borin saman en svo eru heildarlaun reiknuð sem tímakaup og þá eru laun allra sem eru í 50% eða hærra starfshlutfalli borin saman.

Eins og áður kom fram voru svarendur beðnir að sundurgreina laun sín í mánaðarlaun/grunnlaun, yfirvinnulaun, akstursgreiðslur, vaktaálag og aðra greiðslur sem fólk kann hugsanlega að hafa (t.d. bónusgreiðslur). Tæplega 40% svarenda voru með föst laun og sundurgreindu laun sín ekki sérstaklega. Föst laun voru því bæði notuð til að reikna meðalmánaðarlaun og meðalheildarlaun. Hér er eingöngu miðað við fólk í fullu starfi en þó liggur oft mismunandi vinnuframlag á bak við þessi laun. Vinnuframlag og laun eru skoðuð sérstaklega í töflum um heildartímalaun og svo í aðhvarfsgreiningu í kafla 3.


Mynd 3 sýnir meðalgreiðslur í formi grunnlauna annars vegar og heildarlauna hins vegar til allra karla og kvenna í fullu starfi í febrúar 2008. Karlar voru bæði með marktækt hærri meðalgrunnlaun en konur, $t(513,18) = -5,401$; $p < ,001$, og hærri meðalheildarlaun, $t(587,78) = -7,329$; $p < ,001$. Konur í fullu starfi eru að jafnaði með 77% af grunnlaunum karla í fullu starfi (sjá nánar í töflu 4) og 74% af heildarlaunum þeirra (sjá nánar í töflu 6).



Mynd 3. Meðalgrunnlaun og meðalheildarlaun karla og kvenna í fullu starfi


Grunnlaun fólks í fullu starfi

Ef meðalgrunnlaun starfsstétta eru skoðuð kemur fram marktækur munur á konum og körlum á meðal sérfræðinga ($t(94,83) = -3,428$; $p < ,01$) þar sem konur eru að jafnaði með 77% af grunnlaunum karla; á meðal tækna og sérmenntaðra ($t(28,73) = -3,213$; $p < ,01$) þar sem konur eru að jafnaði með 62% af grunnlaunum karla; á meðal þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks ($t(39,42) = -3,877$; $p < ,001$) þar sem konur eru að jafnaði með 66% af grunnlaunum karla; og á meðal ósérhæfð starfsfólks ($t(43,68) = -3,328$; $p < ,01$) þar sem konur eru að jafnaði með 64% að grunnlaunum karla (sjá mynd 4 og töflu 4).




Mynd 4. Meðalgrunnlaun karla og kvenna eftir starfi

Grunnlaun í einkageiranum (393 þús.) eru að meðaltali þriðjungi hærri en laun í opinbera geiranum (295 þús.). Eins og sjá má á mynd 5 hafa konur í einkageiranum að jafnaði 77% af grunnlaunum karla í einkageiranum (marktækur munur, $t(283,08) = -4,048$; $p < ,001$). Grunnlaun í opinbera geiranum eru mun jafnari milli kynja en þar hafa konur 90% af launum karla (munur ekki marktækur).



Mynd 5. Meðalgrunnlaun karla og kvenna eftir atvinnugeira

Marktækur munur var á meðalgrunnlaunum karla og kvenna á meðal allra menntunarhópa nema þeirra sem lokið höfðu verklegu framhalskólanámi. Að jafnaði höfðu konur með grunnskólamenntun 72% af grunnlaunum karla með grunnskólamenntun ($t(99,40) = -3,348; p < ,01$). Konur sem lokið höfðu bóklegu framhaldsskólanámi voru með 66% af grunnlaunum karla með sambærilega menntun ($t(60,56) = -3,476; p < ,01$) og háskólamenntaðar konur höfðu að meðaltali 76% af grunnlaunum háskólamenntaðra karla ($t(115,19) = -3,284; p < ,01$) (sjá mynd 6 og töflu 4).



Mynd 6. Meðalgrunnlaun karla og kvenna eftir menntun

Í töflu 5 má finna nánari upplýsingar um þær niðurstöður sem settar eru fram í myndum 3 til 6 en þar er einnig skoðaður hlutfallslegur munur á launum kynjanna eftir ábyrgð, aldri og atvinnugrein. Í töflunum kemur fram hver laun kvenna eru sem hlutfall af launum karla en mesti launamunurinn kemur fram í opinberri þjónustu í heilbrigðisgeiranum þar sem konur hafa 43% af launum karla og í landbúnaði og fiskiðnaði (49%).

Tafla 5. Munur á grunnlaunum karla og kvenna eftir bakgrunni

| Grunnlaun | Allir | | Karlar | | Konur | | Munur Kvk./kk. |
|------------------------------------|----------|--------|----------|--------|----------|--------|-------------------|
| | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | |
| Fullt starf | | | | | | | |
| Starfsstétt | | | | | | | |
| Stjórnendur | 514.963 | 68 | 512.460 | 50 | 521.917 | 18 | 102% |
| Sérfræðingar** | 391.182 | 112 | 443.198 | 54 | 342.754 | 58 | 77% |
| Tæknar og sérm. starfs.** | 345.963 | 57 | 432.891 | 27 | 267.728 | 30 | 62% |
| Skrifstofufólk | 341.212 | 56 | 471.650 | 13 | 301.777 | 43 | 64% |
| Þjónustu- sölu- og afgrei.fólk.*** | 267.298 | 70 | 330.744 | 31 | 216.867 | 39 | 66% |
| Bændur og fiskimenn | 423.158 | 17 | 418.355 | 16 | - | 1 | - |
| Iðnaðarmenn | 327.151 | 63 | 329.935 | 54 | 310.444 | 9 | 94% |
| Véla- og vélgæslufólk | 280.497 | 14 | 259.766 | 13 | - | 1 | - |
| Ósérhæft starfsfólk ** | 272.839 | 48 | 307.901 | 33 | 195.704 | 15 | 64% |
| Geiri | | | | | | | |
| Opinberi geirinn | 295.391 | 169 | 315.238 | 67 | 282.353 | 102 | 90% |
| Einkageirinn*** | 393.303 | 340 | 425.934 | 225 | 329.461 | 115 | 77% |
| Atvinnurgrein | | | | | | | |
| Landbúnaði/fiskiðnaði | 401.937 | 33 | 451.013 | 26 | 219.656 | 7 | 49% |
| Byggingariðnaði | 337.962 | 55 | 339.626 | 51 | 316.750 | 4 | 93% |
| Upplýsinga- og þekkingariðnaði | 469.432 | 33 | 468.528 | 27 | 473.500 | 6 | 101% |
| Öðrum iðnaði | 356.704 | 52 | 345.957 | 38 | 385.874 | 14 | 112% |
| Opinber þj. í menntageiranum | 285.562 | 55 | 312.258 | 17 | 273.620 | 38 | 88% |
| Opinber þj.í heilbrigðisgeiranum* | 369.932 | 35 | 676.571 | 7 | 293.272 | 28 | 43% |
| Önnur opinber þjónusta | 317.561 | 63 | 336.668 | 27 | 303.231 | 36 | 90% |
| Veitur | 317.201 | 13 | 255.957 | 9 | 455.000 | 4 | 178% |
| Samgöngur | 409.769 | 22 | 439.737 | 14 | 357.325 | 8 | 81% |
| Fjármálastofnanir* | 481.299 | 41 | 621.903 | 16 | 391.312 | 25 | 63% |
| Verslun / Þjónusta*** | 334.207 | 108 | 399.631 | 61 | 249.294 | 47 | 62% |
| Ábyrgð | | | | | | | |
| Ber enga ábyrgð | 262.345 | 53 | 274.584 | 29 | 247.556 | 24 | 90% |
| 1* | 298.117 | 102 | 328.780 | 50 | 268.633 | 52 | 82% |
| 2* | 329.908 | 119 | 372.988 | 56 | 291.614 | 63 | 78% |
| 3** | 373.251 | 124 | 409.502 | 81 | 304.964 | 43 | 74% |
| Ber mikla ábyrgð | 467.579 | 118 | 491.715 | 80 | 416.768 | 38 | 85% |
| Menntun | | | | | | | |
| Grunnskólamenntun** | 270.955 | 137 | 311.576 | 73 | 224.621 | 64 | 72% |
| Verklegt framhaldsskólanám | 364.077 | 150 | 377.996 | 112 | 323.052 | 38 | 85% |
| Bóklegt framhaldsskólanám** | 356.813 | 82 | 433.197 | 40 | 284.066 | 42 | 66% |
| Háskólamenntun** | 437.183 | 146 | 498.418 | 71 | 379.214 | 75 | 76% |
| Aldur | | | | | | | |
| 29 ára og yngri | 313.487 | 81 | 348.520 | 45 | 269.695 | 36 | 77% |
| 30 til 39 ára | 370.676 | 117 | 398.229 | 73 | 324.963 | 44 | 82% |
| 40 til 49 ára** | 401.746 | 155 | 447.131 | 91 | 337.214 | 64 | 75% |
| 50 til 59 ára** | 352.518 | 107 | 403.572 | 55 | 298.518 | 52 | 74% |
| 60 ára og eldri | 290.663 | 56 | 317.395 | 32 | 255.021 | 24 | 80% |
| Allir* | 358.583 | 516 | 397.960 | 296 | 305.602 | 220 | 77% |

* Marktækt miðað við 95% öryggismörk


** Marktækt miðað við 99% öryggismörk

***Marktækt miðað við 99,9% öryggismörk

Heildarlaun fólks í fullu starfi

Með heildarlaunum er átt við laun (grunnlaun og yfirvinnulaun) og aðrar greiðslur sem fólk kann að hafa fyrir starf sitt (í könnuninni var alltaf spurt um aðalstarf). Að meðaltali eru heildarlaun fólks 18% hærri en mánaðarlaun, 19% hjá körlum og 15% hjá konum. Heildarlaun karla voru að meðaltali 473 þúsund en kvenna 351 þúsund eða 74% af launum karla ($t(587,78) = -7,392; p < ,001$) (sjá mynd 3). Eins og áður er ekki tekið tillit til vinnuframlags nema að því leiti að þessi greining nær einungis yfir fólk í fullu starfi.

Mynd 7 sýnir hvernig heildarlaun karla og kvenna voru samsett óháð starfshlutfalli. Nokkur hluti svarenda gaf upplýsingar um heildarlaun sín án þess þó að sundurliða þau og var þeim sleppt hér. Myndin sýnir heildarmeðalgreiðslur fyrir hvern launabátt, óháð því hvort allir fengu greiðslur í tilteknum flokki eða ekki. Samsetning heildarlauna var nokkuð svipuð eftir kyni. Nánari upplýsingar um samsetningu meðalheildarlauna má sjá í töflu 6.




Mynd 7. Samsetning meðalheildarlauna allra karla og kvenna óháð starfshlutfalli

Tafla 6. Hlutfallsleg samsetning meðalheildarlauna karla og kvenna

| | Allir | | 50%+ starfshlutfall | | Í fullu starfi | |
|---------------------|-----------|------------|---------------------|------------|----------------|------------|
| | Konur (%) | Karlar (%) | Konur (%) | Karlar (%) | Konur (%) | Karlar (%) |
| Grunnlaun | 80,0 | 77,7 | 80,4 | 77,7 | 81,8 | 77,7 |
| Föst yfirvinnulaun | 7,9 | 6,9 | 7,8 | 6,9 | 7,9 | 6,8 |
| Önnur yfirvinnulaun | 6,2 | 7,5 | 6,0 | 7,5 | 4,3 | 7,6 |
| Akstursgreiðslur | 1,9 | 2,6 | 1,8 | 2,6 | 2,1 | 2,6 |
| Vaktaálag | 2,1 | 1,8 | 2,0 | 1,8 | 1,6 | 1,8 |
| Annað | 2,0 | 3,6 | 2,0 | 3,6 | 2,2 | 3,5 |
| Alls | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |
| Fjöldi | 232 | 205 | 212 | 199 | 150 | 194 |


Ef meðalheildarlaun starfsstétta eru skoðuð kemur fram marktækur munur á konum og körlum á meðal sérfræðinga ($t(115,50) = -2,936; p < ,01$) þar sem konur eru að jafnaði með 82% af heildarlaunum karla; á meðal tækna og sérmenntaðra ($t(30,76) = -4,869; p < ,001$) þar sem konur eru að jafnaði með 54% af heildarlaunum karla; á meðal þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks ($t(49,97) = -3,904; p < ,001$) þar sem konur eru að jafnaði með 69% af heildarlaunum karla; og á meða ósérhæfð starfsfólks ($t(49,65) = -4,451; p < ,001$) þar sem konur eru að jafnaði með 59% af heildarlaunum karla (sjá mynd 8 og töflu 7).



Mynd 8. Heildarlaun karla og kvenna eftir stafi


Eins og kom fram þegar að grunnlaun voru skoðuð eru laun karla og kvenna í opinbera geiranum jafnari en laun í einkageiranum en heldur dregur þó í sundur þegar

kemur að heildarlaunum. Konur í opinbera geiranum voru með 90% af grunnlaunum karla í sama geira (sjá töflu 5) en þegar heildarlaunin eru skoðuð eru konur að jafnaði með 82% af launum karla og er munurinn nú orðinn marktækur ($t(184) = -3,092$; $p < ,01$) (sjá mynd 9 og töflu 7). Konur í einkageiranum voru með 77% af grunnlaunum karla ($t(283,08) = -4,048$; $p < ,001$) (sjá töflu 5) og er munurinn á heildarlaunum kynjanna í einkageiranum svipaður þar sem konur voru að jafnaði með 74% af heildarlaunum karla ($t(330,31) = -5,73$; $p < ,001$) (sjá mynd 9 og töflu 7).



Mynd 9. Heildarlaun karla og kvenna eftir geira

Marktækur munur var á meðalheildarlaunum karla og kvenna á meðal allra menntunarrhópa, þar með talið þeirra sem lokið höfðu verklegu framhaldsskólanámi. Að jafnaði höfðu konur með grunnskólamenntun 69% af grunnlaunum karla með grunnskólamenntun ($t(119,44) = -4,848$; $p < ,001$). Konur með verklegt framhaldsskólapróf voru með 74% af heildarlaunum karla með sambærilega menntun ($t(181) = -3,442$; $p < ,01$). Konur sem lokið höfðu bóklegu framhaldsskólanámi voru með 66% af grunnlaunum karla með sambærilega menntun ($t(68,30) = -3,917$; $p < ,001$) og háskólamenntaðar konur höfðu að meðaltali 79% af grunnlaunum háskólamenntaðra karla ($t(127,76) = -3,212$; $p < ,01$) (sjá mynd 10 og töflu 7).



Mynd 10. Heildarlaun karla og kvenna eftir menntun

Í töflu 7 má til viðbótar sjá meðalheildarlaun karla og kvenna eftir atvinnugrein, ábyrgð í starfi og aldri.

Tafla 7. Munur á heildarlaunum karla og kvenna eftir bakgrunni

| Heildarlaun | Allir | | Karlar | | Konur | | Munur Kvk./kk. |
|------------------------------------|----------|--------|----------|--------|----------|--------|-------------------|
| | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | |
| Fullt starf | | | | | | | |
| Starfsstétt | | | | | | | |
| Stjórnendur | 592.561 | 71 | 594.933 | 52 | 586.071 | 19 | 99% |
| Sérfræðingar** | 458.072 | 123 | 504.589 | 61 | 412.306 | 62 | 82% |
| Tæknar og sérm. starfsf.*** | 422.574 | 59 | 562.842 | 27 | 304.222 | 32 | 54% |
| Skrifstofufólk | 375.236 | 66 | 500.907 | 15 | 338.273 | 51 | 68% |
| Þjónustu- sölu- og afgrei.fólk.*** | 315.968 | 81 | 388.679 | 32 | 268.483 | 49 | 69% |
| Bændur og fiskimenn | 441.482 | 23 | 465.304 | 20 | - | 3 | - |
| Iðnaðarmenn | 396.341 | 84 | 403.788 | 73 | 346.916 | 11 | 86% |
| Véla- og vélgæslufólk | 458.407 | 20 | 453.587 | 19 | - | 1 | - |
| Ósérhæft starfsfólk*** | 349.296 | 52 | 396.023 | 37 | 234.034 | 15 | 59% |
| Geiri | | | | | | | |
| Opinberi geirinn** | 366.974 | 186 | 413.217 | 71 | 338.424 | 115 | 82% |
| Einkageirinn*** | 449.449 | 397 | 491.360 | 266 | 364.348 | 131 | 74% |
| Atvinnugrein | | | | | | | |
| Landbúnaði/fiskiðnaði** | 451.277 | 42 | 513.194 | 32 | 253.142 | 10 | 49% |
| Byggingariðnaði | 428.309 | 70 | 429.902 | 65 | 407.600 | 5 | 95% |
| Upplýsinga- og þekkingariðnaði | 509.509 | 38 | 510.072 | 31 | 507.014 | 7 | 99% |
| Öðrum iðnaði | 428.058 | 63 | 439.242 | 47 | 395.207 | 16 | 90% |
| Opinber þj. í menntageiranum | 350.413 | 57 | 383.979 | 18 | 334.921 | 39 | 87% |
| Opinber þj.í heilbrigðisgeiranum* | 446.149 | 39 | 773.857 | 7 | 374.463 | 32 | 48% |
| Önnur opinber þjónusta* | 379.037 | 70 | 431.136 | 28 | 344.304 | 42 | 80% |
| Veitur | 458.244 | 13 | 441.797 | 9 | 495.250 | 4 | 112% |
| Samgöngur | 505.152 | 26 | 533.370 | 17 | 451.851 | 9 | 85% |
| Fjármálastofnanir** | 526.613 | 43 | 692.726 | 16 | 428.176 | 27 | 62% |
| Verslun / þjónusta*** | 371.712 | 120 | 448.989 | 66 | 277.262 | 54 | 62% |
| Ábyrgð | | | | | | | |
| Ber enga ábyrgð* | 305.544 | 58 | 333.312 | 32 | 271.367 | 26 | 81% |
| 1** | 348.545 | 113 | 392.619 | 55 | 306.751 | 58 | 78% |
| 2 | 398.467 | 134 | 445.239 | 64 | 355.705 | 70 | 80% |
| 3*** | 436.591 | 149 | 495.097 | 95 | 333.662 | 54 | 67% |
| Ber mikla ábyrgð | 538.637 | 136 | 564.511 | 95 | 478.686 | 41 | 85% |
| Menntun | | | | | | | |
| Grunnskólamenntun*** | 332.115 | 159 | 387.453 | 85 | 268.551 | 74 | 69% |
| Verklegt framhaldsskólanám** | 443.345 | 183 | 473.618 | 138 | 350.505 | 45 | 74% |
| Bóklegt framhaldsskólanám*** | 387.786 | 92 | 472.145 | 43 | 313.756 | 49 | 66% |
| Háskólamenntun** | 509.511 | 155 | 570.974 | 75 | 451.889 | 80 | 79% |
| Aldur | | | | | | | |
| 29 ára og yngri* | 366.079 | 100 | 406.980 | 56 | 314.023 | 44 | 77% |
| 30 til 39 ára** | 424.955 | 126 | 460.751 | 77 | 368.704 | 49 | 80% |
| 40 til 49 ára*** | 475.439 | 178 | 536.434 | 106 | 385.640 | 72 | 72% |
| 50 til 59 ára*** | 414.450 | 121 | 485.426 | 62 | 339.865 | 59 | 70% |
| 60 ára og eldri* | 367.381 | 65 | 404.775 | 40 | 307.551 | 25 | 76% |
| Allir*** | 421.709 | 590 | 473.367 | 341 | 350.965 | 249 | 74% |

* Marktækt miðað við 95% öryggismörk


** Marktækt miðað við 99% öryggismörk

***Marktækt miðað við 99,9% öryggismörk

Heildartímaláun


Heildartímaláun eru heildarlaun á mánuði deilt með unnum vinnustundum á mánuði. Þannig er tekið tillit til vinnuframlags þegar meðallaun eru skoðuð. Þar sem tekið er tillit til vinnustunda þá eru allir sem eru í 50% starfi eða meira hafðir með í þessari greiningu.

Þegar tekið er tillit til vinnutíma minnkar hlutfallslegur munur á launum karla og kvenna enda vinna karlar meira en konur, eins og áður hefur komið fram. Eins og sjá má á mynd 11 eru konur með 84% af heildartímaláunum karla ($t(630,12) = -4,645$; $p < ,001$) en sambærilegar tala fyrir grunnlaun var 77% og 74% fyrir heildarlaun.




Mynd 11. Heildartímaláun karla og kvenna

Ef meðaltal heildartímaláuna einstakra starfsstétta er skoðað kemur fram marktækur munur á konum og körlum á meðal sérfræðinga ($t(137) = -2,516$; $p < ,05$) þar sem konur eru að jafnaði með 86% af heildartímaláunum karla; á meðal tækna og sérmenntaðra ($t(74) = -3,483$; $p < ,001$) þar sem konur eru að jafnaði með 72% af heildartímaláunum karla; á meðal þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks ($t(111) = -2,885$; $p < ,01$) þar sem konur eru að jafnaði með 80% af heildartímaláunum karla; og á meðal ósérhæfðs starfsfólks ($t(57,19) = -3,411$; $p < ,01$) þar sem konur eru að jafnaði með 71% af heildartímaláunum karla (sjá mynd 12 og töflu 8).




Mynd 12. Heildartímalaun karla og kvenna eftir starfi

Eins og áður hefur starfsfólk í einkageiranum hærra laun en starfsfólk í einkageiranum en þegar tekið er tillit til vinnuframlags dregur verulega saman. Áður hefur komið fram að fólk í einkageiranum var með þriðjung hærri heildarlaun en fólk í opinbera geiranum en þegar tekið er tillit til vinnuframlags er þessi munur kominn niður í 13%. Konur hafa 88% af heildartímalaunum karla í opinbera geiranum og er sá munur marktækur ($t(241) = -2,358; p < ,05$) en 84% í einkageiranum og er sá munur einnig marktækur ($t(392,82) = -3,784; p < ,001$) (sjá mynd 13).



Mynd 13. Heildartímalaun karla og kvenna eftir atvinnugeira

Marktækur munur var á heildartímalaunum karla og kvenna á meðal allra menntunarhópa. Að jafnaði höfðu konur með grunnskólamenntun 80% af heildartímalaunum karla með grunnskólamenntun ($t(122,11) = -3,335; p < ,01$). Konur sem lokið höfðu verklegu framhaldsskólanámi voru með 85% af heildartímalaunum karla með sambærilega menntun ($t(194) = -2,239; p < ,05$), konur sem lokið höfðu bóklegu framhaldsskólaprófi voru með 79% af heildartímalaunum karla sem lokið höfðu sambærilegu námi ($t(78,45) = -2,866; p < ,01$) og háskólamenntaðar konur höfðu að meðaltali 87% af heildartímalaunum háskólamenntaðra karla ($t(132,51) = -2,595; p < ,05$) (sjá mynd 14 og töflu 8).



Mynd 14. Heildartímalau karla og kvenna eftir menntun

Tafla 8. Munur á heildartímalaunum karla og kvenna eftir bakgrunni

| Heildartímalaun 50% eða hærra starfshlutfall | Allir | | Karlar | | Konur | | Munur Kvk./kk. |
|---|----------|--------|----------|--------|----------|--------|-------------------|
| | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | |
| Starfsstétt | | | | | | | |
| Stjórndur | 2.893 | 70 | 2.871 | 51 | 2.952 | 19 | 103% |
| Sérfræðingar* | 2.514 | 139 | 2.722 | 65 | 2.331 | 74 | 86% |
| Tæknar og sérm. starfsf.** | 2.202 | 76 | 2.683 | 27 | 1.938 | 49 | 72% |
| Skrifstofufólk* | 2.037 | 83 | 2.581 | 16 | 1.908 | 67 | 74% |
| Þjónustu- sölu- og afgrei.fólk.* | 1.694 | 113 | 1.962 | 35 | 1.573 | 78 | 80% |
| Bændur og fiskimenn | 1.467 | 20 | 1.516 | 17 | - | 3 | - |
| Iðnaðarmenn | 2.012 | 88 | 2.029 | 75 | 1.912 | 13 | 94% |
| Véla- og vélgæslufólk | 2.233 | 19 | 2.166 | 18 | - | 1 | - |
| Ósérhæft starfsfólk** | 1.721 | 60 | 1.924 | 38 | 1.371 | 22 | 71% |
| Geiri - Allir | | | | | | | |
| Opinberi geirinn* | 1.964 | 243 | 2.145 | 76 | 1.881 | 167 | 88% |
| Einkageirinn*** | 2.260 | 430 | 2.402 | 267 | 2.029 | 163 | 84% |
| Atvinnugrein | | | | | | | |
| | | 673 | | | | | |
| Landbúnaði/fiskiðnaði** | 1.801 | 40 | 1.980 | 29 | 1.330 | 11 | 67% |
| Byggingariðnaði | 2.158 | 72 | 2.152 | 66 | 2.218 | 6 | 103% |
| Upplýsinga- og þekkingariðnaði | 2.782 | 40 | 2.836 | 31 | 2.594 | 9 | 91% |
| Öðrum iðnaði | 2.140 | 73 | 2.143 | 50 | 2.133 | 23 | 100% |
| Opinber þj. í menntageiranum | 1.847 | 74 | 2.021 | 20 | 1.783 | 54 | 88% |
| Opinber þj.í heilbrigðisgeiranum | 2.303 | 67 | 3.581 | 7 | 2.154 | 60 | 60% |
| Önnur opinber þjónusta* | 2.038 | 83 | 2.272 | 29 | 1.912 | 54 | 84% |
| Veitur | 2.508 | 13 | 2.384 | 9 | - | 4 | - |
| Samgöngur | 2.516 | 23 | 2.495 | 14 | 2.549 | 9 | 102% |
| Fjármálastofnanir** | 2.832 | 46 | 3.643 | 16 | 2.400 | 30 | 66% |
| Verslun / þjónusta** | 1.918 | 137 | 2.234 | 69 | 1.598 | 68 | 72% |
| Ábyrgð | | | | | | | |
| Ber enga ábyrgð* | 1.725 | 68 | 1.798 | 32 | 1.661 | 36 | 92% |
| 1** | 1.870 | 141 | 2.078 | 57 | 1.729 | 84 | 83% |
| 2* | 2.062 | 172 | 2.150 | 72 | 1.998 | 100 | 93% |
| 3*** | 2.216 | 164 | 2.395 | 93 | 1.982 | 71 | 83% |
| Ber mikla ábyrgð | 2.674 | 135 | 2.756 | 93 | 2.490 | 42 | 90% |
| Menntun | | | | | | | |
| Grunnskólamenntun** | 1.633 | 191 | 1.834 | 86 | 1.469 | 105 | 80% |
| Verklegt framhaldsskólanám* | 2.217 | 196 | 2.324 | 137 | 1.968 | 59 | 85% |
| Bóklegt framhaldsskólanám** | 2.052 | 113 | 2.339 | 46 | 1.855 | 67 | 79% |
| Háskólamenntun* | 2.682 | 179 | 2.900 | 78 | 2.515 | 101 | 87% |
| Aldur | | | | | | | |
| 29 ára og yngri* | 1.852 | 117 | 1.960 | 65 | 1.717 | 52 | 88% |
| 30 til 39 ára** | 2.243 | 148 | 2.377 | 77 | 2.098 | 71 | 88% |
| 40 til 49 ára | 2.390 | 197 | 2.631 | 105 | 2.114 | 92 | 80% |
| 50 til 59 ára** | 2.068 | 141 | 2.323 | 61 | 1.874 | 80 | 81% |
| 60 ára og eldri* | 1.933 | 77 | 2.086 | 39 | 1.775 | 38 | 85% |
| Allir*** | 2.147 | 680 | 2.334 | 347 | 1.952 | 333 | 84% |

* Marktækt miðað við 95% öryggismörk

** Marktækt miðað við 99% öryggismörk

***Marktækt miðað við 99,9% öryggismörk

Opinberi geirinn og einkageirinn

Meðalheildarlaun í einkageiranum voru 22% hærri en heildarlaun í opinbera geiranum. Meiri munur er milli karla en kvenna í þessum geirum en karlar í einkageiranum hafa 19% hærri laun en karlar í opinbera geiranum en sambærilegur munur milli kvenna er 8%. Launamunur milli geira minnkar þó nokkuð ef tekið er tillit til vinnuframlags eða niður í 15%, 12% milli karla en 8% milli kvenna.

Eins og áður hefur komið fram eru laun almennt jafnari milli kynjanna í opinbera geiranum en einkageiranum. Í opinbera geiranum eru konur með 82% af launum karlar en í einkageiranum er þetta hlutfall 74% milli kynjanna.

Eins og sjá má í töflum 9 og 10 eru konur hjá hinu opinbera með 84% af heildarlaunum karla ($t(184) = -3,092$; $p < ,001$) en þegar tekið er tillit til vinnutíma eykst hlutfallið upp í 88% ($t(241) = -2,358$; $p < ,05$). Kvenstjórnendur í opinbera geiranum eru með um 30% hærri heildarlaun en karlar í sömu stöðu ($t(16) = -2,511$; $p < ,05$) Mesti munur á heildarlaunum hjá hinu opinbera er meðal tækna og sérhæfðra starfsmanna þar sem konur hafa 59% af launum karla ($t(24) = -3,757$; $p < ,01$) en þegar tekið er tillit til vinnutíma minnkar munurinn og verður 87% og tölfræðilega ómarktækur

Þegar að litið er til menntunar kemur fram marktækur munur á launum kynjanna hjá þeim sem hafa verklegt framhaldsnám þar sem konur hafa 65% af launum karla ($t(35) = -3,105$; $p < ,01$). Þessi munur fer í 72% þegar að tekið er tillit til vinnutíma, en er áfram marktækur ($t(43) = -2,756$; $p < ,01$).

Tafla 9. Heildarlaun í opinbera geiranum og bakgrunnur

| Heildarlaun | Allir | | Karlar | | Konur | | Munur Kvk./kk. |
|---------------------------------|--------------------------------|------------|----------------|-----------|----------------|------------|-------------------|
| | Opinberi geirinn - fullt starf | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | |
| Starfsstétt | | | | | | | |
| Stjórnendur* | 578.333 | 18 | 515.455 | 11 | 677.143 | 7 | 131% |
| Sérfræðingar | 403.331 | 65 | 420.039 | 24 | 393.551 | 41 | 94% |
| Tæknar og sérm. starfsf.** | 357.268 | 26 | 509.004 | 7 | 301.366 | 19 | 59% |
| Skrifstofufólk | 261.829 | 22 | - | 2 | 266.512 | 20 | - |
| Þjónustu- sölu- og afgrei.fólk. | 263.407 | 26 | 307.981 | 9 | 239.809 | 17 | 78% |
| Iðnaðarmenn | 371.577 | 7 | 397.208 | 5 | - | 2 | - |
| Ósérhæft starfsfólk | 262.274 | 12 | 281.755 | 7 | 235.000 | 5 | 83% |
| Ábyrgð | | | | | | | |
| Ber enga ábyrgð | 279.673 | 16 | 310.437 | 7 | 255.746 | 9 | 82% |
| 1* | 315.298 | 41 | 400.166 | 13 | 275.895 | 28 | 69% |
| 2 | 348.101 | 53 | 352.453 | 16 | 346.219 | 37 | 98% |
| 3** | 369.260 | 47 | 443.797 | 23 | 297.828 | 24 | 67% |
| Ber mikla ábyrgð | 518.987 | 29 | 509.718 | 12 | 525.530 | 17 | 103% |
| Menntun opinberi geiri | | | | | | | |
| Grunnskólamenntun | 250.681 | 42 | 293.471 | 12 | 233.565 | 30 | 80% |
| Verklegt framhaldsskólanám** | 407.330 | 37 | 478.815 | 21 | 313.507 | 16 | 65% |
| Bóklegt framhaldsskólanám | 303.645 | 29 | 360.746 | 11 | 268.751 | 18 | 74% |
| Háskólamenntun | 436.779 | 77 | 436.794 | 27 | 436.771 | 50 | 100% |
| Aldur | | | | | | | |
| 29 ára og yngri | 262.806 | 21 | 233.400 | 5 | 271.996 | 16 | 117% |
| 30 til 39 ára* | 327.101 | 34 | 383.016 | 16 | 277.400 | 18 | 72% |
| 40 til 49 ára* | 407.960 | 55 | 469.447 | 22 | 366.969 | 33 | 78% |
| 50 til 59 ára | 378.702 | 51 | 399.104 | 14 | 370.982 | 37 | 93% |
| 60 ára og eldri | 394.608 | 25 | 437.705 | 14 | 339.756 | 11 | 78% |
| Allir** | 366.974 | 186 | 413.217 | 71 | 338.424 | 115 | 82% |

* Marktækt miðað við 95% öryggismörk

** Marktækt miðað við 99% öryggismörk

***Marktækt miðað við 99,9% öryggismörk

Tafla 10. Heildartímalaun í opinbera geiranum og bakgrunnur

| Heildartímalaun Opinberi geirinn, 50% eða hærra starfshlutf. | Allir | | Karlar | | Konur | | Munur Kvk./kk. |
|---|----------|--------|----------|--------|----------|--------|-------------------|
| | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | |
| Starfsstétt | | | | | | | |
| Stjórnendur | 2.904 | 18 | 2.620 | 11 | 3.351 | 7 | 128% |
| Sérfræðingar | 2.235 | 79 | 2.242 | 26 | 2.231 | 53 | 100% |
| Tæknar og sérm. starfsf. | 1.975 | 38 | 2.254 | 7 | 1.912 | 31 | 85% |
| Skrifstofufólk | 1.519 | 28 | - | 2 | 1.536 | 26 | - |
| Þjónustu- sölu- og afgrei.fólk. | 1.469 | 43 | 1.723 | 10 | 1.392 | 33 | 81% |
| Ósérhæft starfsfólk | 1.538 | 17 | 1.636 | 8 | 1.451 | 9 | 89% |
| Ábyrgð | | | | | | | |
| Ber enga ábyrgð | 1.700 | 22 | 1.964 | 8 | 1.549 | 14 | 79% |
| 1* | 1.688 | 57 | 2.042 | 14 | 1.573 | 43 | 77% |
| 2 | 1.886 | 78 | 1.844 | 19 | 1.900 | 59 | 103% |
| 3 | 2.054 | 57 | 2.280 | 23 | 1.901 | 34 | 83% |
| Ber mikla ábyrgð | 2.739 | 29 | 2.606 | 12 | 2.833 | 17 | 109% |
| Menntun opinberi geiri | | | | | | | |
| Grunnskólamenntun | 1.377 | 62 | 1.629 | 13 | 1.310 | 49 | 80% |
| Verklegt framhaldsskólanám* | 2.115 | 45 | 2.478 | 22 | 1.767 | 23 | 71% |
| Bóklegt framhaldsskólanám | 1.645 | 38 | 1.705 | 12 | 1.617 | 26 | 95% |
| Háskólamenntun | 2.400 | 97 | 2.307 | 29 | 2.440 | 68 | 106% |
| Aldur | | | | | | | |
| 29 ára og yngri | 1.527 | 30 | 1.373 | 8 | 1.584 | 22 | 115% |
| 30 til 39 ára | 1.838 | 49 | 2.013 | 18 | 1.737 | 31 | 86% |
| 40 til 49 ára* | 2.150 | 66 | 2.501 | 22 | 1.974 | 44 | 79% |
| 50 til 59 ára | 2.049 | 62 | 2.059 | 14 | 2.046 | 48 | 99% |
| 60 ára og eldri | 2.012 | 36 | 2.285 | 14 | 1.839 | 22 | 81% |
| Allir* | 1.964 | 243 | 2.145 | 76 | 1.881 | 167 | 88% |

* Marktækt miðað við 95% öryggismörk

** Marktækt miðað við 99% öryggismörk

***Marktækt miðað við 99,9% öryggismörk

Í einkageiranum eru konur með 74% af launum karla ($t(330,31) = -5,729; p < ,001$). en ef tekið er tillit til vinnutíma eru konur með 85% af launum karla ($t(392,817) = -3,784; p < ,001$).

Eins og sjá má í töflum 11 og 12 er minnsti munur á heildarlaunum meðal iðnaðarmanna í einkageiranum en þar hafa konur 88% af heildarlaunum karla og ef tekið er tillit til vinnutíma er þessi munur ekki til staðar. Mesti munur á heildarlaunum kynjanna hjá starfstéttum er meðal tækna og sérmenntaðs starfsfólks en þar hafa konur 53% af launum karla og hjá ósérhæfðu starfsfólki er þessi munur 56%. Ef tekið er tillit til vinnutíma minnkar þessi munur í 67% hjá bæði tæknum og sérmenntuðum og ósérhæfðu starfsfólki. Ólíkt því sem gerist í opinbera geiranum er minnsti launamunur kynjanna í einkageiranum meðal þeirra sem eru með verklegt framhaldsskólanám að baki en mestur hjá þeim sem eru með bóklegt framhaldsskólanám hvort sem litið er til heildarlauna eða heildartímalauna.

Tafla 11. Heildarlaun í einkageiranum og bakgrunnur

| Heildarlaun Einkageirinn, fullt starf | Allir | | Karlar | | Konur | | Munur Kvk./kk. |
|--|----------------|------------|----------------|------------|----------------|------------|-------------------|
| | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | |
| Starfsstétt | | | | | | | |
| Stjórnendur | 599.843 | 52 | 619.913 | 40 | 532.946 | 12 | 86% |
| Sérfræðingar | 525.024 | 57 | 559.433 | 37 | 461.368 | 20 | 82% |
| Tæknar og sérm. starfsf.*** | 478.215 | 32 | 581.686 | 20 | 305.763 | 12 | 53% |
| Skrifstofufólk* | 431.939 | 44 | 544.893 | 13 | 384.571 | 31 | 71% |
| Þjónustu- sölu- og afgrei.fólk.*** | 340.815 | 55 | 420.257 | 23 | 283.716 | 32 | 68% |
| Bændur og fiskimenn | 483.899 | 19 | 496.711 | 17 | - | 2 | - |
| Iðnaðarmenn | 397.968 | 76 | 403.649 | 67 | 355.675 | 9 | 88% |
| Véla- og vélgæslufólk | 445.521 | 17 | 438.991 | 16 | - | 1 | - |
| Ósérhæft starfsfólk*** | 379.848 | 39 | 422.686 | 30 | 237.057 | 9 | 56% |
| Ábyrgð | | | | | | | |
| Ber enga ábyrgð | 315.399 | 42 | 339.717 | 25 | 279.637 | 17 | 82% |
| 1 | 367.478 | 72 | 390.283 | 42 | 335.551 | 30 | 86% |
| 2* | 442.095 | 77 | 482.852 | 47 | 378.242 | 30 | 78% |
| 3** | 467.592 | 101 | 512.069 | 71 | 362.330 | 30 | 71% |
| Ber mikla ábyrgð* | 547.220 | 105 | 577.358 | 81 | 445.504 | 24 | 77% |
| Menntun | | | | | | | |
| Grunnskólamenntun*** | 363.615 | 115 | 407.745 | 71 | 292.406 | 44 | 72% |
| Verklegt framhaldsskólanám* | 454.146 | 143 | 472.941 | 115 | 376.951 | 28 | 80% |
| Bóklegt framhaldsskólanám** | 426.518 | 63 | 510.439 | 32 | 339.889 | 31 | 67% |
| Háskólamenntun* | 589.502 | 76 | 646.451 | 48 | 491.877 | 28 | 76% |
| Aldur | | | | | | | |
| 29 ára og yngri | 396.012 | 78 | 423.998 | 51 | 343.151 | 27 | 81% |
| 30 til 39 ára | 462.449 | 91 | 481.140 | 61 | 424.443 | 30 | 88% |
| 40 til 49 ára** | 505.612 | 123 | 553.978 | 84 | 401.438 | 39 | 72% |
| 50 til 59 ára*** | 444.510 | 68 | 519.587 | 46 | 287.531 | 22 | 55% |
| 60 ára og eldri* | 352.502 | 37 | 387.214 | 24 | 288.419 | 13 | 74% |
| Allir*** | 449.449 | 397 | 491.360 | 266 | 364.348 | 131 | 74% |

* Marktækt miðað við 95% öryggismörk

** Marktækt miðað við 99% öryggismörk

***Marktækt miðað við 99,9% öryggismörk

Tafla 12. Heildartímalaun í einkageiranum og bakgrunnur

| Heildartímalaun Einkageirinn, 50% eða hærra starfshlutf. | Allir | | Karlur | | Konur | | Munur Kvk./kk. |
|---|--------------|------------|--------------|------------|--------------|------------|-------------------|
| | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | |
| Starfsstétt | | | | | | | |
| Stjórnendur | 2.900 | 51 | 2.956 | 39 | 2.720 | 12 | 92% |
| Sérfræðingar | 2.916 | 59 | 3.042 | 39 | 2.671 | 20 | 88% |
| Tæknar og sérm. starfsf.** | 2.407 | 37 | 2.833 | 20 | 1.906 | 17 | 67% |
| Skrifstofufólk | 2.301 | 55 | 2.765 | 14 | 2.143 | 41 | 78% |
| Þjónustu- sölu- og afgrei.fólk.* | 1.832 | 70 | 2.057 | 25 | 1.707 | 45 | 83% |
| Bændur og fiskimenn | 1.603 | 16 | 1.605 | 14 | - | 2 | - |
| Iðnaðarmenn | 2.025 | 78 | 2.031 | 68 | 1.985 | 10 | 98% |
| Véla- og vélgæslufólk | 2.149 | 16 | 2.064 | 15 | - | 1 | - |
| Ósérhæft starfsfólk* | 1.812 | 42 | 2.001 | 30 | 1.342 | 12 | 67% |
| Ábyrgð | | | | | | | |
| Ber enga ábyrgð | 1.738 | 46 | 1.743 | 24 | 1.732 | 22 | 99% |
| 1 | 1.993 | 84 | 2.089 | 43 | 1.891 | 41 | 91% |
| 2 | 2.244 | 90 | 2.295 | 52 | 2.173 | 38 | 95% |
| 3 | 2.302 | 106 | 2.434 | 69 | 2.057 | 37 | 85% |
| Ber mikla ábyrgð | 2.680 | 104 | 2.814 | 79 | 2.257 | 25 | 80% |
| Menntun - einkageiri | | | | | | | |
| Grunnskólamenntun* | 1.774 | 127 | 1.904 | 71 | 1.608 | 56 | 84% |
| Verklegt framhaldsskólanám | 2.258 | 148 | 2.298 | 113 | 2.128 | 35 | 93% |
| Bóklegt framhaldsskólanám*** | 2.258 | 75 | 2.562 | 34 | 2.006 | 41 | 78% |
| Háskólamenntun* | 3.040 | 80 | 3.250 | 49 | 2.708 | 31 | 83% |
| Aldur | | | | | | | |
| 29 ára og yngri | 1.977 | 86 | 2.042 | 57 | 1.848 | 29 | 90% |
| 30 til 39 ára | 2.435 | 98 | 2.488 | 59 | 2.354 | 39 | 95% |
| 40 til 49 ára* | 2.511 | 131 | 2.666 | 83 | 2.243 | 48 | 84% |
| 50 til 59 ára*** | 2.108 | 77 | 2.458 | 45 | 1.616 | 32 | 66% |
| 60 ára og eldri | 1.898 | 38 | 2.006 | 23 | 1.731 | 15 | 86% |
| Allir*** | 2.260 | 430 | 2.402 | 267 | 2.029 | 163 | 84% |

* Marktækt miðað við 95% öryggismörk

** Marktækt miðað við 99% öryggismörk

***Marktækt miðað við 99,9% öryggismörk

Höfuðborgarsvæðið og landsbyggðin

Að meðaltali eru heildarlaun á höfuðborgarsvæðinu 12% hærrí en á landsbyggðinni og ef tekið er tillit til vinnuframlags breiðkar bilið en 19% munur er á heildartíma-launum milli starfsmanna á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Karlar á höfuðborgarsvæðinu hafa 16% hærrí heildartímakaup en karlar á landsbyggðinni en þessi munur er 29% á meðal kvenna.

Launamunur kynjanna er einnig meiri á landsbyggðinni en þar hafa konur að meðaltali 70% af heildarlaunum karla ($t(62,63) = -4,377; p < ,001$) en sambærilegt hlutfall er 75% á höfuðborgarsvæðinu ($t(351,58) = -5,331; p < ,001$).


Í töflum 13 og 14 má sjá heildarlaun fólks eftir bakgrunni á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og á landsbyggðinni hins vegar. Ekki er marktækur munur á heildarlaunum sérfræðinga á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni voru kvensérfræðingar með 62% af heildarlaunum karlsérfræðinga ($t(28) = -3,616; p < ,01$). Mesti launamunurinn á höfuðborgarsvæðinu er hjá tæknum og sérmenntuðu starfsfólki, þar sem konur voru að jafnaði með 48% af heildarlaunum karla ($t(19,23) = -4,632; p < ,001$), en munurinn í sömu starfstétt á landsbyggðinni var ekki tölfræðilega marktækur. Þetta helgast af því að konur í þessari starfsgrein eru með svipuð laun hvort sem þær búa á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggð en karlar í þessari stétt á höfuðborgarsvæðinu hafa mun hærrí laun en kynbræður þeirra á landsbyggðinni. Á meðal ósérhæfðs starfsfólks voru konur á höfuðborgarsvæðinu með 64% af heildarlaunum karla ($t(27) = -2,089; p < ,05$) og konur á landsbyggðinni voru með 53% af heildarlaunum karla á landsbyggðinni ($t(20,42) = -3,533; p < ,01$).

Eins og áður hefur komið fram þá eru konur í opinbera geiranum með 82% af launum karla í sama geira þegar litið er á landið í heild, en þegar þetta er skoðað eftir landssvæði þá eru laun karla og kvenna mun jafnari á höfuðborgarsvæðinu (konur með 93% af launum karla og munurinn ekki marktækur) en á landsbyggðinni (konur með 65% af launum karla ($t(32,78) = -3,882; p < ,01$)). Þessi munur á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar er ekki til staðar í einkageiranum, en á höfuðborgarsvæðinu hafa konur í einkageiranum 72% af heildarlaunum karla á sama svæði ($t(234) = -4,476; p < ,001$) og á landsbyggðinni hafa þær 71% af heildarlaunum karla á landsbyggðinni ($t(144,59) = -5,371; p < ,001$).

Annað sem vekur athygli er að þegar litið er til menntunar er launamunur kynjanna á höfuðborgarsvæðinu hlutfallslega minnstur hjá þeim sem hafa háskólamenntun en þar eru konur með 84% af launum karla ($t(102) = -2,022; p < ,05$)

en á landsbyggðinni er launmunurinn svipaður á öllum menntunarstigum en þar eru konur með á bilinu 65% til 71% af heildarlaunum karla.

Á mynd 15 má sjá að á höfuðborgarsvæðinu er menntunarstig fólks nokkuð ólíkt því sem gerist á landsbyggðinni. Hlutfallslega fleiri á landsbyggðinni eru með grunnskólapróf og verklegt framhaldsskólapróf á meðan hlutfall háskólamenntaðra er hærra á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.



Mynd 15. Menntun eftir búsetu

Tafla 13. Heildarlaun á höfuðborgarsvæðinu og bakgrunnur

| Heildarlaun Höfuðborgarsvæðið | Allir | | Karlur | | Konur | | Munur Kvk./kk. |
|----------------------------------|----------------|------------|----------------|------------|----------------|------------|-------------------|
| | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | |
| Starfsstétt | | | | | | | |
| Stjórnendur | 671.531 | 44 | 666.581 | 31 | 683.335 | 13 | 103% |
| Sérfræðingar | 464.452 | 93 | 489.563 | 49 | 436.487 | 44 | 89% |
| Tæknar og sérm. starfsf.*** | 461.709 | 36 | 635.306 | 17 | 306.386 | 19 | 48% |
| Skrifstofufólk | 387.369 | 50 | 510.310 | 12 | 348.546 | 38 | 68% |
| Þjónustu- sölu- og afgangfólk. | 284.349 | 48 | 341.867 | 15 | 258.204 | 33 | 76% |
| Iðnaðarmenn | 427.366 | 38 | 434.651 | 32 | 388.512 | 6 | 89% |
| Véla- og vélgæslufólk | 394.804 | 9 | 375.404 | 8 | - | 1 | - |
| Ósérhæft starfsfólk* | 367.786 | 29 | 408.266 | 21 | 261.525 | 8 | 64% |
| Geiri | | | | | | | |
| Opinberi geirinn | 370.520 | 119 | 386.290 | 47 | 360.226 | 72 | 93% |
| Einkageirinn*** | 478.940 | 236 | 536.445 | 145 | 387.311 | 91 | 72% |
| Ábyrgð | | | | | | | |
| Ber enga ábyrgð | 313.192 | 35 | 335.702 | 17 | 291.933 | 18 | 87% |
| 1** | 354.392 | 79 | 413.009 | 35 | 307.764 | 44 | 75% |
| 2 | 425.363 | 83 | 487.733 | 35 | 379.884 | 48 | 78% |
| 3* | 443.008 | 80 | 490.868 | 50 | 363.240 | 30 | 74% |
| Ber mikla ábyrgð | 594.560 | 81 | 621.161 | 55 | 538.290 | 26 | 87% |
| Menntun | | | | | | | |
| Grunnskólamenntun*** | 326.073 | 87 | 386.925 | 44 | 263.806 | 43 | 68% |
| Verklegt framhaldsskólanám* | 469.431 | 89 | 513.680 | 60 | 377.880 | 29 | 74% |
| Bóklegt framhaldsskólanám** | 401.869 | 62 | 494.688 | 28 | 325.429 | 34 | 66% |
| Háskólamenntun* | 525.887 | 119 | 570.724 | 60 | 480.291 | 59 | 84% |
| Aldur | | | | | | | |
| 29 ára og yngri* | 384.158 | 68 | 445.218 | 34 | 323.098 | 34 | 73% |
| 30 til 39 ára | 458.021 | 83 | 485.014 | 53 | 410.332 | 30 | 85% |
| 40 til 49 ára** | 479.034 | 110 | 551.954 | 56 | 403.412 | 54 | 73% |
| 50 til 59 ára** | 465.241 | 62 | 563.282 | 29 | 379.085 | 33 | 67% |
| 60 ára og eldri* | 348.191 | 35 | 392.621 | 20 | 288.950 | 15 | 74% |
| Allir*** | 440.960 | 358 | 499.688 | 192 | 373.034 | 166 | 75% |

* Marktækt miðað við 95% öryggismörk

** Marktækt miðað við 99% öryggismörk

***Marktækt miðað við 99,9% öryggismörk

Tafla 14. Heildarlaun á landsbyggðinni og bakgrunnur

| Heildarlaun Landsbyggðin | Allir | | Karlur | | Konur | | Munur Kvk./kk. |
|-----------------------------------|----------------|------------|----------------|------------|----------------|-----------|-------------------|
| | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | |
| Starfsstétt | | | | | | | |
| Stjórnendur | 463.870 | 27 | 489.167 | 21 | 375.333 | 6 | 77% |
| Sérfræðingar** | 438.296 | 30 | 565.946 | 12 | 353.196 | 18 | 62% |
| Tæknar og sérm. starfsf. | 361.318 | 23 | 439.654 | 10 | 301.060 | 13 | 68% |
| Skrifstofufólk | 337.319 | 16 | - | 3 | 308.246 | 13 | - |
| Þjónustu- sölu- og afgrei.fólk.** | 361.959 | 33 | 429.984 | 17 | 289.683 | 16 | 67% |
| Bændur og fiskimenn | 411.794 | 19 | 436.005 | 16 | - | 3 | - |
| Iðnaðarmenn | 370.711 | 46 | 379.700 | 41 | 297.000 | 5 | 78% |
| Véla- og vélgæslufólk | 510.446 | 11 | 510.446 | 11 | | | |
| Ósérhæft starfsfólk** | 325.982 | 23 | 379.955 | 16 | 202.617 | 7 | 53% |
| Geiri | | | | | | | |
| Opinberi geirinn** | 360.676 | 67 | 465.949 | 24 | 301.918 | 43 | 65% |
| Einkageirinn*** | 406.220 | 161 | 437.332 | 121 | 312.107 | 40 | 71% |
| Ábyrgð | | | | | | | |
| Ber enga ábyrgð* | 293.905 | 23 | 330.604 | 15 | 225.095 | 8 | 68% |
| 1 | 334.961 | 34 | 356.937 | 20 | 303.569 | 14 | 85% |
| 2** | 354.697 | 51 | 393.953 | 29 | 302.950 | 22 | 77% |
| 3*** | 429.151 | 69 | 499.796 | 45 | 296.691 | 24 | 59% |
| Ber mikla ábyrgð* | 456.278 | 55 | 486.618 | 40 | 375.371 | 15 | 77% |
| Menntun | | | | | | | |
| Grunnskólamenntun** | 339.416 | 72 | 388.020 | 41 | 275.133 | 31 | 71% |
| Verklegt framhaldsskólanám** | 418.646 | 94 | 442.802 | 78 | 300.888 | 16 | 68% |
| Bóklegt framhaldsskólanám** | 358.682 | 30 | 430.067 | 15 | 287.298 | 15 | 67% |
| Háskólamenntun** | 455.377 | 36 | 571.975 | 15 | 372.093 | 21 | 65% |
| Aldur | | | | | | | |
| 29 ára og yngri | 327.661 | 32 | 347.886 | 22 | 283.166 | 10 | 81% |
| 30 til 39 ára** | 361.130 | 43 | 407.170 | 24 | 302.976 | 19 | 74% |
| 40 til 49 ára*** | 469.623 | 68 | 519.051 | 50 | 332.323 | 18 | 64% |
| 50 til 59 ára** | 361.077 | 59 | 417.008 | 33 | 290.086 | 26 | 70% |
| 60 ára og eldri | 389.770 | 30 | 416.929 | 20 | 335.451 | 10 | 80% |
| Allir*** | 392.003 | 232 | 439.450 | 149 | 306.828 | 83 | 70% |

* Marktækt miðað við 95% öryggismörk

** Marktækt miðað við 99% öryggismörk

***Marktækt miðað við 99,9% öryggismörk

Eins og áður þegar tekið er tillit til vinnuframlags er launamunur kynjanna minni en þegar heildarlaun eru skoðuð (sjá töflur 15 og 16). Konur á höfuðborgarsvæðinu eru með 86% af heildartímalaunum karla á sama svæði ($t(413) = -3,443$; $p < ,001$) en konur á landsbyggðinni eru með 77% af launum karla ($t(252,56) = -5,439$; $p < ,001$).

Eins og áður var ekki marktækur munur á launum kvenna og karla í opinbera geiranum á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni voru konur í opinbera geiranum að jafnaði með 69% af heildartímalaunum karla í opinbera geiranum ($t(33,28) = -3,481$; $p < ,01$). Þegar litið er til einkageirans voru konur á höfuðborgarsvæðinu með 84% af heildartímalaunum karla á höfuðborgarsvæðinu ($t(260,71) = -3,150$; $p < ,01$) og konur á landsbyggðinni voru með 78% af heildartímalaunum karla ($t(150,91) = -4,423$; $p < ,001$).

Munur á heildartímalaunum karla og kvenna eftir menntun var nokkuð ólíkur þegar höfuðborgarsvæðið og landsbyggðin voru borin saman. Á höfuðborgarsvæðinu voru grunnskólamenntaðar konur að jafnaði með 77% af launum grunnskólamenntaðra karla ($t(71,02) = -2,973$; $p < ,01$) og konur með bóklegt framhaldsskólanám að baki voru með 80% af heildartímalaunum karla ($t(74) = -2,285$; $p < ,05$). Á landsbyggðinni var kynjamunurinn marktækur á öllum menntunarstigum utan grunnskólamenntunar en þar voru konur með verklega framhaldsskólamenntun að meðaltali með 69% að heildartímalaunum karla með verklegt framhaldsskólapróf ($t(52,05) = -4,595$; $p < ,001$).

Tafla 15. Heildartímalaun á höfuðborgarsvæðinu og bakgrunnur

| Heildartímalaun Höfuðborgarsvæðið | Allir | | Karlur | | Konur | | Munur Kvk./kk. |
|--------------------------------------|----------|--------|----------|--------|----------|--------|-------------------|
| | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | |
| Starfsstétt | | | | | | | |
| Stjórnendur | 3.257 | 43 | 3.171 | 30 | 3.456 | 13 | 109% |
| Sérfræðingar | 2.595 | 105 | 2.693 | 53 | 2.494 | 52 | 93% |
| Tæknar og sérm. starfsf.* | 2.379 | 45 | 2.844 | 17 | 2.096 | 28 | 74% |
| Skrifstofufólk | 2.105 | 63 | 2.567 | 13 | 1.985 | 50 | 77% |
| Þjónustu- sölu- og afgangfólk. | 1.654 | 66 | 1.747 | 19 | 1.616 | 47 | 92% |
| Iðnaðarmenn | 2.176 | 38 | 2.167 | 31 | 2.219 | 7 | 102% |
| Véla- og vélgæslufólk | 1.856 | 10 | 1.680 | 9 | - | 1 | - |
| Ósérhæft starfsfólk* | 1.881 | 33 | 2.100 | 21 | 1.498 | 12 | 71% |
| Geiri - höfuðborg | | | | | | | |
| Opinberi geirinn | 2.043 | 148 | 2.027 | 50 | 2.052 | 98 | 101% |
| Einkageirinn** | 2.438 | 264 | 2.624 | 150 | 2.193 | 114 | 84% |
| Ábyrgð | | | | | | | |
| Ber enga ábyrgð | 1.824 | 41 | 1.831 | 18 | 1.819 | 23 | 99% |
| 1* | 1.918 | 97 | 2.139 | 35 | 1.794 | 62 | 84% |
| 2 | 2.239 | 105 | 2.298 | 42 | 2.199 | 63 | 96% |
| 3 | 2.351 | 92 | 2.449 | 52 | 2.223 | 40 | 91% |
| Ber mikla ábyrgð | 2.987 | 80 | 3.082 | 53 | 2.802 | 27 | 91% |
| Menntun | | | | | | | |
| Grunnskólamenntun** | 1.710 | 106 | 1.954 | 48 | 1.507 | 58 | 77% |
| Verklegt framhaldsskólanám | 2.388 | 95 | 2.471 | 59 | 2.250 | 36 | 91% |
| Bóklegt framhaldsskólanám* | 2.158 | 76 | 2.450 | 30 | 1.968 | 46 | 80% |
| Háskólamenntun | 2.758 | 137 | 2.888 | 63 | 2.647 | 74 | 92% |
| Aldur | | | | | | | |
| 29 ára og yngri | 1.957 | 80 | 2.128 | 41 | 1.778 | 39 | 84% |
| 30 til 39 ára | 2.477 | 95 | 2.521 | 53 | 2.421 | 42 | 96% |
| 40 til 49 ára* | 2.495 | 124 | 2.728 | 58 | 2.290 | 66 | 84% |
| 50 til 59 ára* | 2.295 | 74 | 2.663 | 28 | 2.072 | 46 | 78% |
| 60 ára og eldri | 1.908 | 42 | 2.067 | 20 | 1.762 | 22 | 85% |
| Allir*** | 2.292 | 415 | 2.475 | 200 | 2.122 | 215 | 86% |

* Marktækt miðað við 95% öryggismörk

** Marktækt miðað við 99% öryggismörk

***Marktækt miðað við 99,9% öryggismörk

Tafla 16. Heildartímalaun á landsbyggðinni og bakgrunnur

| Heildartímalaun | Allir | | Karlur | | Konur | | Munur Kvk./kk. |
|-----------------------------------|----------|--------|----------|--------|----------|--------|-------------------|
| | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | |
| Landsbyggðin | | | | | | | |
| Starfsstétt | | | | | | | |
| Stjórnumendur | 2.314 | 27 | 2.444 | 21 | 1.861 | 6 | 76% |
| Sérfræðingar** | 2.264 | 34 | 2.848 | 12 | 1.945 | 22 | 68% |
| Tæknar og sérm. starfsf.* | 1.947 | 31 | 2.408 | 10 | 1.727 | 21 | 72% |
| Skrifstofufólk | 1.824 | 20 | 2.643 | 3 | 1.680 | 17 | 64% |
| Þjónustu- sölu- og afgrei.fólk.** | 1.749 | 47 | 2.216 | 16 | 1.509 | 31 | 68% |
| Bændur og fiskimenn | 1.363 | 16 | 1.404 | 13 | - | 3 | - |
| Iðnaðarmenn | 1.887 | 50 | 1.932 | 44 | 1.553 | 6 | 80% |
| Véla- og vélgæslufólk | 2.652 | 9 | 2.652 | 9 | - | - | - |
| Ósérhæft starfsfólk | 1.526 | 27 | 1.706 | 17 | 1.220 | 10 | 72% |
| Geiri - landsbyggð | | | | | | | |
| Opinberi geirinn** | 1.840 | 95 | 2.374 | 26 | 1.639 | 69 | 69% |
| Einkageirinn*** | 1.978 | 166 | 2.116 | 117 | 1.648 | 49 | 78% |
| Ábyrgð | | | | | | | |
| Ber enga ábyrgð* | 1.575 | 27 | 1.755 | 14 | 1.382 | 13 | 79% |
| 1 | 1.762 | 44 | 1.980 | 22 | 1.544 | 22 | 78% |
| 2 | 1.784 | 67 | 1.943 | 30 | 1.654 | 37 | 85% |
| 3** | 2.044 | 72 | 2.327 | 41 | 1.670 | 31 | 72% |
| Ber mikla ábyrgð | 2.217 | 55 | 2.325 | 40 | 1.929 | 15 | 83% |
| Menntun | | | | | | | |
| Grunnskólamenntun | 1.538 | 85 | 1.681 | 38 | 1.423 | 47 | 85% |
| Verklegt framhaldsskólanám*** | 2.056 | 101 | 2.213 | 78 | 1.527 | 23 | 69% |
| Bóklegt framhaldsskólanám* | 1.833 | 37 | 2.131 | 16 | 1.607 | 21 | 75% |
| Háskólamenntun** | 2.437 | 42 | 2.950 | 15 | 2.153 | 27 | 73% |
| Aldur | | | | | | | |
| 29 ára og yngri | 1.624 | 37 | 1.673 | 24 | 1.533 | 13 | 92% |
| 30 til 39 ára** | 1.824 | 53 | 2.059 | 24 | 1.630 | 29 | 79% |
| 40 til 49 ára*** | 2.212 | 73 | 2.512 | 47 | 1.669 | 26 | 66% |
| 50 til 59 ára* | 1.817 | 67 | 2.035 | 33 | 1.606 | 34 | 79% |
| 60 ára og eldri | 1.963 | 35 | 2.106 | 19 | 1.792 | 16 | 85% |
| Allir*** | 1.920 | 265 | 2.142 | 147 | 1.643 | 118 | 77% |

* Marktækt miðað við 95% öryggismörk

** Marktækt miðað við 99% öryggismörk

***Marktækt miðað við 99,9% öryggismörk

3. KYNBUNDINN LAUNAMUNUR – HEILDAR- OG GRUNNLAUN

Niðurstöðurnar í kafla 2 gefa upplýsingar um hlutfallslegan mun á launum karla og kvenna eftir starfi, atvinnugeira, atvinnugrein, ábyrgð í starfi, menntun, aldri og þess hvort svarendur voru launþegar eða sjálfstætt starfandi. Hins vegar er þar ekki tekið tillit til samspils þessara áhrifaþátta auk vinnutíma á heildargreiðslur fólks, sem er nauðsynlegt til þess að draga ályktanir um hve mikill hluti af launamun karla og kvenna var óskýrður.

Launamunur karla og kvenna gæti því skýrst af því að karlar væru í ábyrgðarmeiri störfum en konur eða væru að jafnaði með aðra menntun en konurnar. Til dæmis kom fram að karlar og konur dreifðust á ólíkar starfsstéttir og hærra hlutfall karla en kvenna starfaði í einkageiranum. Það er því hugsanlegt að launamunur karla og kvenna hverfi þegar tillit hefur verið tekið til þessara þátta. Til að fá svör við slíkum spurningum var notuð fjölbreytuaðhvarfsgreining. Í fyrsta lagi var kannað hve mikill munur var á heildarlaunum karla og kvenna í 50% eða hærra starfshlutfalli, dagvinnulaunum þeirra og að lokum óskalaunum (1.líkan). Í öðru lagi hve mikill launamunur karla og kvenna var að teknu tilliti til vinnutíma (2. líkan), í þriðja lagi þegar tillit er einnig tekið til starfs (3. líkan), þá til menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess hvort fólk er sjálfstætt starfandi eða launþegar (4. líkan), og að lokum eru er tekið tillit til víxláhrifa kyns og menntunar og/eða kyns og starfs (5. líkan). Greiningin náði aðeins til fólks í 50% eða hærra starfshlutfalli.

Leiðréttur kynbundinn launamunur - heildargreiðslur

Í töflu 17 eru kynntar niðurstöður aðhvarfsgreiningar á heildarlaun fyrir fólk í 50% eða hærra starfshlutfalli. Eins og fram kom í kaflanum um aðferð voru heildargreiðslur metnar á lógariþmískum kvarða. Til að breyta aðhvarfsstuðlunum (B) yfir á hlutfallskvarða -sem sýnir hve mikið laun hækka eða lækka hlutfallslega eftir frumbreytum - er tekinn antilógariþmi af stuðlinum (e_b) og síðan er 1 dreginn frá og loks margfaldað með 100 (sjá t.d. Stolzenberg, 1980). Ef til dæmis aðhvarfsstuðullinn fyrir áhrif kyns á laun er 0,35 (konu hafa gildið 0 og karlar gildið 1) þá myndu útreikningar með fyrrnefndri aðferð gefa til kynna að karlar væru með um 41,9% hærri laun en konur.

Á meðal fólks í 50% eða hærra starfshlutfalli voru karlar að jafnaði með 43,4% hærri heildarlaun en konur (sjá töflu 17, 1. líkan)⁵. Í þessari greiningu fengu konur gildið 0 og karlar gildið 1. Það þýðir að samanburðurinn miðaðist við laun kvenna. Rétt er að benda á að máli skiptir hvort laun karla eða kvenna eru til viðmiðunar. Hér var spurt: Hversu miklu hærri voru laun karla en kvenna? Ef laun karla væru viðmiðunin væri spurt: Hversu miklu lægri voru laun kvenna en karlar?

Þegar leiðrétt hafði verið fyrir áhrif vinnutíma (líkan 2), lækkaði kynbundinn launamunur niður í 24,6%. Í framhaldinu var starfi, menntun og aldri, atvinnugeira, ábyrgð í starfi, því hvort fólk sé sjálfstætt starfandi eða launþegar bætt í líkanið og að lokum víxláhrifum fyrir kyn og menntun annars vegar og kyn og starf hins vegar (sjá líkön 3 og 4 og 5 í töflu 16). Það að víxláhrif kyns og menntunar séu til staðar merkir að menntun hefur mismikil áhrif á heildarlaun fólks eftir því hvort um karla eða konur er að ræða og á sama hátt gefa víxláhrif kyns og starfs upplýsingar um að starf hefur ekki sömu áhrif á heildarlaun karla og kvenna. Þegar víxláhrif eru til staðar þarf að túlka kynbundinn launamun innan hvers hóps, þannig er kynbundinn launamunur kannaður innan hvers menntunarhóps og innan hvers starfshóps.

Þegar leiðrétt hafði verið fyrir vinnutíma, starf, menntun, aldur, atvinnugeira, ábyrgð í starfi, því hvort fólk var sjálfstætt starfandi eða launþegar, víxláhrifum kyns og menntunar og víxláhrifum kyns og starfs (sjá líkan 5, töflu 17) kom í ljós að kynbundinn munur á heildarlaunum fólks með framhaldsskólamenntun var tölfræðilega marktækur ($t(645) = 3,189$; $p < 0,001$) þar sem karlar með framhaldsskólamenntun voru að jafnaði með 28%⁶ hærri heildarlaun en konur með framhaldsskólamenntun. Með öðrum orðum, á meðal fólks með framhaldsskólamenntun voru karlar með sambærilegan vinnutíma og konur, í sambærilegum starfsstéttum, á sambærilegum aldri, með sambærilega ábyrgð í starfi, störfuðu í sambærilegum atvinnugeira voru sambærilegir þegar kom að því að vera launþegar eða sjálfstætt starfandi að meðaltali með um 28% hærri heildarlaun en þær. Munur á launum karla og kvenna með grunnskólamenntun var ekki marktækur⁷ og sömuleiðis var munurinn á meðal háskólamenntaðra ekki marktækur⁸. Saman skýrðu þessar breytur 54,9% í

⁵ Útreikningur fyrir hlutfallsmun = $(e^{0,360} - 1) * 100 = 43,4$; Konur fengu gildið 0 og karlar gildið 1.

⁶ B Aðhvarfsstuðull=0,153+0,094. Hlutfallsmunur = $(e^{0,247} - 1) * 100 = 28,0$.

⁷ Hlutfallsmunur = $(e^{0,153} - 1) * 100 = 16,6$. $p=0,062$.

⁸ B Aðhvarfsstuðull=0,153-0,177+0,094=0,07. Hlutfallsmunur = $(e^{0,07} - 1) * 100 = 7,3$. $p>0,05$.

heildardreifingu heildarlauna⁹. Leiðréttur kynbundinn munur á heildarlaunum á meðal tækna og sérmenntaðs starfsfólk var 53,7% ($t(645) = 4,3$; $p < 0,001$)¹⁰ og á meðal skrifstofufólks var munurinn 31,4% ($t(645) = 2,491$; $p < 0,05$)¹¹. Ekki reyndist marktækur munur á leiðréttum heildarlaunum karla og kvenna í öðrum starfstéttum.

Vinnutími, starf, menntun, aldur, atvinnugeiri, ábyrgð í starfi og launþegar/sjálfstætt starfandi höfðu tölfræðilega marktæk áhrif á heildarlaun í lokalíkaninu (líkan 5), líkt og kyn. Þetta þýðir að þessir þættir höfðu sjálfstæð áhrif á tekjur, að teknu tilliti til allra annarra þátta. Niðurstöður fyrir vinnutíma sýna að fyrir hvern klukkutíma sem bætist við fjölda vinnustunda í febrúar 2008 hækkuðu laun um 0,3%¹² að teknu tilliti til kyns, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess hvort svarendur voru launþegar eða sjálfstætt starfandi. Tíu klukkutímar gæfu þannig 3% launahækkun. Fyrir hvert aldursár hækka heildarlaunin um 4,9% og þeir sem starfa í einkageiranum hafa 25,4% hærri laun en þeir sem starfa í þeim opinbera. Ábyrgð í starfi mælist frá 1 til 5 en fyrir hvert ábyrgðarstig hækka heildarlaun um 8,4%. Þeir sem voru sjálfstætt starfandi voru að jafnaði með 16,5% lægri laun en launþegar að teknu tilliti til annarra þátta í líkaninu.

⁹ Skýrð dreifing með kyn í líkaninu=11,5%, þegar bætist við vinnutími: 26,8%, þegar bætist við starf=38,0%, þegar bætist við menntun=44,7%, þegar bætist við aldur=47,8%, þegar bætist við atvinnugeiri=50,9%, þegar bætist við ábyrgð í starfi=53,2%, þegar bætist við launþegi/sjálfstætt starfandi=53,9%, þegar bætist við víxláhrif kyns og menntunar=54,1%, þegar bætist við víxláhrif kyns og starfs=54,9%.

¹⁰ B Aðhvarfsstuðull=0,153+0,157+0,151-0,031=0,43. Hlutfallsmunur = $(e^{0,43} - 1) * 100 = 53,7$.

¹¹ B Aðhvarfsstuðull=0,153+0,151-0,031=0,273. Hlutfallsmunur = $(e^{0,273} - 1) * 100 = 31,4$.

¹² Hlutfallsmunur = $(e^{0,003} - 1) * 100 = 0,3$.

Tafla 17. Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess að vera launþegi eða sjálfstætt starfandi um heildarlaun (log) fólks í 50% eða hærra starfshlutfalli. (fjöldi=647, 324 karlar og 323 konur)

| | Fasti | Skýrð dreifing Leiðrétt R ² | | B Aðhvarfs- stuðull | Hlutfalls- munur launa |
|---------|----------------------|---|--------------------------------------|------------------------|---------------------------|
| Líkan 1 | 12,55 ^{***} | 11,5% | Kyn | ,360 ^{***} | 43,4% |
| Líkan 2 | 11,87 ^{***} | 26,8% | Kyn | ,220 ^{***} | 24,6% |
| | | | Vinnutími | ,004 ^{***} | 0,4% |
| Líkan 3 | 11,70 ^{***} | 38,0% | Kyn | ,223 ^{***} | 25,0% |
| | | | Vinnutími | ,004 ^{***} | 0,4% |
| | | | Stjórnendur vs sérfræðingar | ,098 ^{óm} | 10,3% |
| | | | Sérfræðingar vs iðnaðarmenn | ,301 ^{***} | 35,1% |
| | | | Iðnaðarmenn vs tæknar | -,143 [*] | -13,3% |
| | | | Tæknar vs skrifstofufólk | ,034 ^{óm} | 3,5% |
| | | | Skrifstofufólk vs ósérhæfðir | ,220 ^{**} | 24,6% |
| | | | Ósérhæfðir vs þjónustu- og afgr.fólk | -,003 ^{óm} | -0,3% |
| Líkan 4 | 10,42 ^{***} | 53,9% | Kyn | ,178 ^{***} | 19,5% |
| | | | Vinnutími | ,003 ^{***} | 0,3% |
| | | | Stjórnendur vs sérfræðingar | ,029 ^{óm} | 3,0% |
| | | | Sérfræðingar vs iðnaðarmenn | ,171 ^{**} | 18,6% |
| | | | Iðnaðarmenn vs tæknar | -,123 [*] | -11,6% |
| | | | Tæknar vs skrifstofufólk | ,028 ^{óm} | 2,9% |
| | | | Skrifstofufólk vs ósérhæfðir | ,120 [*] | 12,8% |
| | | | Ósérhæfðir vs þjónustu- og afgr.fólk | ,016 ^{óm} | 1,6% |
| | | | Háskóli vs framhaldsskóli | ,202 ^{***} | 22,4% |
| | | | Framhaldsskóli vs grunnskóli | ,185 ^{***} | 20,3% |
| | | | Aldur | ,046 ^{***} | 4,7% |
| | | | Aldur í 2. veldi | -,0005 ^{***} | -0,05% |
| | | | Einkageirinn | ,228 ^{***} | 25,7% |
| | | | Ábyrgð í starfi | ,080 ^{***} | 8,3% |
| | | | Sjálfstætt starfandi | -,171 ^{***} | -15,7% |
| Líkan 5 | 10,41 ^{***} | 54,9% | Kyn | ,153 ^{óm} | 16,6% |
| | | | Vinnutími | ,003 ^{***} | 0,3% |
| | | | Stjórnendur vs sérfræðingar | ,186 ^{óm} | 20,5% |
| | | | Sérfræðingar vs iðnaðarmenn | ,057 ^{óm} | 5,9% |
| | | | Iðnaðarmenn vs tæknar | ,087 ^{óm} | 9,1% |
| | | | Tæknar vs skrifstofufólk | -,063 ^{óm} | -6,1% |
| | | | Skrifstofufólk vs ósérhæfðir | ,075 ^{óm} | 7,7% |
| | | | Ósérhæfðir vs þjónustu- og afgr.fólk | ,035 ^{óm} | 3,6% |
| | | | Háskóli vs framhaldsskóli | ,292 ^{***} | 33,9% |
| | | | Framhaldsskóli vs grunnskóli | ,145 ^{**} | 15,6% |
| | | | Aldur | ,048 ^{***} | 4,9% |
| | | | Aldur í 2. veldi | -,001 ^{***} | -0,05% |
| | | | Einkageirinn | ,226 ^{***} | 25,4% |
| | | | Ábyrgð í starfi | ,081 ^{***} | 8,4% |
| | | | Sjálfstætt starfandi | -,181 ^{***} | -16,5% |
| | | | Víxláhrif kyns og háskólamenntunar | -,177 [*] | -16,2% |
| | | | Víxláhrif kyns og framh.menntunar | ,094 ^{óm} | 9,8% |
| | | | Víxláhrif kyns og stjórnenda | -,216 ^{óm} | -19,4% |
| | | | Víxláhrif kyns og sérfræðinga | ,148 ^{óm} | 15,9% |
| | | | Víxláhrif kyns og iðnaðarmanna | -,409 ^{**} | -33,6% |
| | | | Víxláhrif kyns og tækna | ,157 ^{óm} | 17,0% |
| | | | Víxláhrif kyns og skrifstofufólks | ,151 ^{óm} | 16,3% |
| | | | Víxláhrif kyns og ósérhæfðra | -,031 ^{óm} | -3,0% |

óm Ómarktækt miðað við 95% öryggismörk

* Marktækt miðað við 95% öryggismörk /** Marktækt m. v. 99% öryggismörk /*** Marktækt m. v. 99,9% öryggismörk

Leiðréttur kynbundinn launamunur - grunnlaun

Þegar dagvinnulaun karla og kvenna voru greind á sama hátt og heildarlaun, komu svipaðar tölur í ljós. Meðal fólks í 50% eða hærra starfshlutfalli voru karlar að jafnaði með 42,4% hærri grunnlaun en konur (sjá töflu 18, 1. líkan)¹³. Þegar leiðrétt hafði verið fyrir áhrif vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og því hvort fólk sé sjálfstætt starfandi eða launþegar á tekjur (sjá líkan 5 í töflu 18) minnkaði kynbundinn munur niður í 19,6%. Saman skýrðu þessar breytur 51,4% í heildardreifingu dagvinnulauna¹⁴.

Víxláhrif hvorki kyns og starfsstéttar né kyns og menntunar voru til staðar.

Niðurstöðurnar fyrir líkan 5 sýna að fyrir hvern klukkutíma sem bættist við fjölda vinnustunda í febrúar 2008 hækkuðu grunnlaun um 0,3%¹⁵ að teknu tilliti til kyns, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess hvort svarendur voru launþegar eða sjálfstætt starfandi. Tíu klukkutímar gæfu þannig 3% launahækkun. Sem dæmi um túlkun niðurstaðna fyrir starf má sjá í líkani 5 að skrifstofufólk er að jafnaði með 29,6% hærri grunnlaun en ósérhæft starfsfólk. Háskólamenntaðir hafa 24,3% hærri laun en fólk með framhaldsskólamenntun og framhaldsskólamenntaðir hafa að jafnaði 23,1% hærri laun en grunnskólamenntaðir. Fyrir hvert aldursár hækka launin um 4,1% og að starfa í einkageiranum gefur 33,6% hærri grunnlaun samanborið við að starfa í opinbera geiranum. Fyrir hvert stig á kvarðanum sem mælir ábyrgð í starfi má reikna með 6,7% hærri grunnlaunum.

¹³ Hlutfallsmunur = $(e^{0,354} - 1) * 100 = 42,4$.

¹⁴ Skýrð dreifing með kyn í líkaninu=11,0%, þegar bættist við vinnutími: 20,5%, þegar bættist við starf=34,3%, þegar bættist við menntun=41,7%, þegar bættist við aldur=44,0%, þegar bættist við atvinnugeiri=49,8%, þegar bættist við ábyrgð í starfi=51,5%, þegar bættist við launþegi/sjálfstætt starfandi=51,4%.

¹⁵ Hlutfallsmunur = $(e^{0,003} - 1) * 100 = 0,3$.

Tafla 18. Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og þess að vera launþegi eða sjálfstætt starfandi um grunnlaun (log) fólks í 50% eða herra starfshlutfalli. (fjöldi=569, 280 karlar og 289 konur)

| | Fasti | Skýrð dreifing Leiðrétt R ² | | B Aðhvarfs- stuðull | Hlutfalls- munur launa |
|---------|----------|---|--------------------------------------|------------------------|---------------------------|
| Líkan 1 | 12,39*** | 11,0% | Kyn | ,354*** | 42,4% |
| Líkan 2 | 11,80*** | 20,5% | Kyn | ,234*** | 26,3% |
| | | | Vinnutími | ,004*** | 0,4% |
| Líkan 3 | 11,62*** | 34,3% | Kyn | ,254*** | 29,0% |
| | | | Lengd vinnuviku | ,003*** | 0,3% |
| | | | Stjórnendur vs sérfræðingar | ,114 ^{óm} | 12,0% |
| | | | Sérfræðingar vs iðnaðarmenn | ,308*** | 36,1% |
| | | | Iðnaðarmenn vs tæknar | -,120 ^{óm} | -11,3% |
| | | | Tæknar vs skrifstofufólk | -,064 ^{óm} | -6,2% |
| | | | Skrifstofufólk vs ósérhæfðir | ,362*** | 43,6% |
| | | | Ósérhæfðir vs þjónustu- og afgr.fólk | -,067 ^{óm} | -6,5% |
| Líkan 4 | 10,50*** | 44,0% | Kyn | ,241*** | 27,3% |
| | | | Vinnutími | ,003*** | 0,3% |
| | | | Stjórnendur vs sérfræðingar | ,207** | 23,0% |
| | | | Sérfræðingar vs iðnaðarmenn | ,106 ^{óm} | 11,1% |
| | | | Iðnaðarmenn vs tæknar | -,039 ^{óm} | -3,8% |
| | | | Tæknar vs skrifstofufólk | -,125 ^{óm} | -11,8% |
| | | | Skrifstofufólk vs ósérhæfðir | ,263*** | 30,0% |
| | | | Ósérhæfðir vs þjónustu- og afgr.fólk | -,046 ^{óm} | -4,5% |
| | | | Háskóli vs framhaldsskóli | ,184*** | 20,2% |
| | | | Framhaldsskóli vs grunnskóli | ,239*** | 27,0% |
| | | | Aldur | ,049*** | 5,0% |
| | | | Aldur í 2. veldi | -,001*** | -0,1% |
| Líkan 5 | 10,40*** | 51,4% | Kyn | ,179*** | 19,6% |
| | | | Vinnutími | ,003*** | 0,3% |
| | | | Stjórnendur vs sérfræðingar | ,055 ^{óm} | 5,6% |
| | | | Sérfræðingar vs iðnaðarmenn | ,206** | 22,9% |
| | | | Iðnaðarmenn vs tæknar | -,129 ^{óm} | -12,1% |
| | | | Tæknar vs skrifstofufólk | -,068 ^{óm} | -6,6% |
| | | | Skrifstofufólk vs ósérhæfðir | ,259*** | 29,6% |
| | | | Ósérhæfðir vs þjónustu- og afgr.fólk | -,043 ^{óm} | -4,2% |
| | | | Háskóli vs framhaldsskóli | ,217*** | 24,3% |
| | | | Framhaldsskóli vs grunnskóli | ,208*** | 23,1% |
| | | | Aldur | ,040*** | 4,1% |
| | | | Aldur í 2. veldi | -,0004*** | -0,04% |
| | | | Einkageirinn | ,290*** | 33,6% |
| | | | Ábyrgð í starfi | ,065*** | 6,7% |
| | | | Sjálfstætt starfandi | -,036 ^{óm} | -3,5% |

óm Ómarktækt miðað við 95% öryggismörk

* Marktækt miðað við 95% öryggismörk


** Marktækt miðað við 99% öryggismörk

*** Marktækt miðað við 99,9% öryggismörk

4. KYNBUNDINN LAUNAMUNUR – VÆNTINGAR TIL LAUNA

Því hefur oft verið varpað fram að ein hugsanleg skýring á kynbundnum launamun sé sú að konur búist einfaldlega við lægri launum en karlar og biðji um lægri laun við samninga. Með öðrum orðum að þær þurfi að taka sig á í launakröfum. Í launakönnun VR 2001 kom meðal annars í ljós að óskalaun karla voru 15% hærri en óskalaun kvenna þegar tillit hafði verið tekið til vinnutíma, aldurs, starfsaldurs og starfs (Ragna B. Garðarsdóttir, 2002). Nýleg rannsókn hefur einnig sýnt að bæði konur og karlar gera ráð fyrir að konur sætti sig við mun lægri laun en karlar. Þessi munur spannar frá 13 til 19 prósent. Marktækur munur var einnig á því sem þátttakendur myndu ráðleggja kven- og karlumsækjanda að biðja um í mánaðarlaun, körlum í hag. Einnig myndu bæði karlar og konur bjóða konum lægri laun en körlum væru þau stjórnendur (Þorlákur Karlsson, Margrét Jónsdóttir og Hólmfríður Vilhjálmsdóttir, 2007). Höfundar rannsóknarinnar drógu þá ályktun af þessum niðurstöðum að hér væri komin skýring á kynbundnum launamun.

Hér voru þátttakendur spurðir hvaða grunnlaun eða mánaðarlaun þeim fyndust sanngjörn fyrir sitt starf. Mynd 15 sýnir hvaða grunnlaun karlar og konur í fullu starfi segja vera sanngjörn (óskalaun) og raunveruleg laun þeirra. Konur óska sér að jafnaði 80% af þeim launum sem karlar óska sér (mynd 15).



Mynd 16. Samanburður á óskalaunum og raunverulegum dagvinnulaunum karla og kvenna í fullu starfi¹⁶.

¹⁶ Hér var aðeins notast við þá sem svöruðu bæði spurningunni um grunnlaun og spurningunni um óskalaun (n=480).

Tafla 19 sýnir óskalaun eftir bakgrunni og tafla 20 sýnir hlutfallsmun á óskalaunum og raunverulegum launum eftir bakgrunni. Í töflu 20 má sjá að konur í fullu starfi segja sanngjörn laun vera 31% hærri en þau laun sem þær eru með, en karlar telja laun þurfa að vera 24% hærri til að vera sanngjörn. Óskalaun karla eru marktækt hærri en óskalaun kvenna ($t(476,64) = -5,477; p < .001$). Á eftir töflu 20 má sjá niðurstöður fyrir leiðréttan kynbundinn mun á óskalaunum.

Tafla 19. Óskalaun eftir bakgrunni

| Óskalaun | Allir | | Karlar | | Konur | | Munur Kvk./kk. |
|------------------------------------|----------|--------|----------|--------|----------|--------|-------------------|
| | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | Meðaltal | Fjöldi | |
| Fullt starf | | | | | | | |
| Starfsstétt | | | | | | | |
| Stjórnendur | 603.614 | 63 | 604.729 | 48 | 600.045 | 15 | 99% |
| Sérfræðingar* | 493.472 | 106 | 531.360 | 50 | 459.643 | 56 | 87% |
| Tæknar og sérm. starfsf. | 422.347 | 49 | 479.318 | 22 | 375.926 | 27 | 78% |
| Skrifstofufólk | 416.709 | 51 | 543.333 | 12 | 377.748 | 39 | 70% |
| Þjónustu- sölu- og afgrei.fólk.** | 343.433 | 67 | 419.655 | 29 | 285.263 | 38 | 68% |
| Bændur og fiskimenn | 523.750 | 16 | 523.750 | 16 | - | - | - |
| Iðnaðarmenn | 429.279 | 61 | 438.962 | 52 | 373.333 | 9 | 85% |
| Véla- og vélgæslufólk | 421.636 | 11 | 421.636 | 11 | | | |
| Ósérhæft starfsfólk* | 349.333 | 45 | 377.419 | 31 | 287.143 | 14 | 76% |
| Geiri | | | | | | | |
| Opinberi geirinn | 405.156 | 160 | 423.194 | 62 | 393.745 | 98 | 93% |
| Einkageirinn*** | 472.299 | 314 | 511.450 | 211 | 392.096 | 103 | 77% |
| Atvinnurgrein | | | | | | | |
| Landbúnaði/fiskiðnaði** | 521.467 | 30 | 558.615 | 26 | 280.000 | 4 | 50% |
| Byggingariðnaði | 445.200 | 50 | 448.085 | 47 | 400.000 | 3 | 89% |
| Upplýsinga- og þekkingariðnaði | 533.719 | 32 | 530.704 | 27 | 550.000 | 5 | 104% |
| Öðrum iðnaði | 451.442 | 49 | 450.611 | 36 | 453.745 | 13 | 101% |
